

Bliki

TÍMARIT UM FUGLA

33

MARS 2019





Bliki er gefinn út af Náttúrufræðistofnun Íslands í samvinnu við Flækingsfuglanefnd, Fuglavernd, Líffræðistofnun háskólans og áhugamenn um fugla. Birtar eru greinar og skýrslur um íslenska fugla ásamt smærri pistlum um ýmislegt sem að fuglum lýtur.

Ritnefnd: Guðmundur A. Guðmundsson (ritstjóri), Arnþór Garðarsson, Daníel Bergmann, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Práinsson og Kristinn H. Skarphéðinsson.

Afgreiðsla: Náttúrufræðistofnun Íslands, Urriðaholtstræti 6-8, 210 Garðabær. – Sími: 590 0500. – Bréfasími: 590 0595. – Netfang: bliki@ni.is.

Áskrift: Ritið kemur út óreglulega, þegar nægt efni liggur fyrir, en stefnt er að útgáfu a.m.k. eins heftis á ári. Því er ekki föst áskrift heldur geta þeir sem þess óska látið skrá sig á útsendingarlista og fengið ritið sent við útgáfu. Hvert hefti er verðlagt sérstaklega og innheimt með beiðni um millifærslu (reikningur í Íslandsbanka nr. 0513-14-500367, kt. 480269-5869). Hægt er að leggja greiðslu beint inn á ofangreindan reikning, en gæta verður þess að nafn áskrifanda, kennitala og númer heftis komi fram.

Greinar, sem óskast birtar, skulu sendar ritstjóra *Blika* á Náttúrufræðistofnun. Prentun sérprenta fyrir höfunda birtra greina hefur verið hætt, en rafrænt skjal af greininni (PDF) í hárri upplausn stendur þeim til boða.

Bliki is published by the Icelandic Institute of Natural History in cooperation with the Icelandic Rarities Committee, BirdLife-Iceland, the Institute of Biology (University of Iceland), and birdwatchers. The primary aim is to act as a forum for previously unpublished material on Icelandic birds, in the form of longer or shorter papers and reports. The main text is in Icelandic, but summaries and figure- and table texts in English are provided, except for some shorter notes.

Editorial board: Guðmundur A. Guðmundsson (editor), Arnþór Garðarsson, Daníel Bergmann, Gunnlaugur Pétursson, Gunnlaugur Práinsson and Kristinn H. Skarphéðinsson.

Circulation: Icelandic Institute of Natural History, Urriðaholtstræti 6-8, IS-210 Garðabær, Iceland. – Phone: +354-590 0500. – Fax: +354-590 0595. – E-mail: bliki@ni.is.

Subscription: *Bliki* is published irregularly but we aim for at least one issue per year. Each issue is priced and charged for separately, hence there is no annual subscription. Those wishing to receive future issues of the magazine, will be put on the mailing list. Payment is by an invoice for each issue, payable by international money transfer to account: IBAN IS25 0513 1450 0367 4802 6958 69, SWIFT (BIC): GLITISRE. Please state your name and the issue number, as well as our address: Bliki, Urriðaholtstræti 6-8, IS-210 Garðabær, Iceland. Offers of exchange of bird journals, will be considered.

Articles and contributions should be sent to the editor. Reprints of published papers are not printed anymore, but a high resolution digital version (PDF) of the papers is available to the authors.

© 2019 Bliki – ISSN 0256-4181

Ábyrgðarmaður: Guðmundur A. Guðmundsson.
Umbrot: Gunnlaugur Pétursson / Bliki
Myndvinnsla: Daníel Bergmann / Bliki
Prentun og bókband: Prentsmiðjan Oddi ehf.

Forsíðumynd – *Front cover:*
Langvía *Uria aale*.
Grímsey, 5. júní 2017.
Ljósm. Daníel Bergmann.

Note to foreign readers: The Icelandic letters Ðð, Þþ, Ææ, Öö and vowels with an acute accent (Áá, Éé, Íí, Óó, Úú, Ýý) are used in all Icelandic and foreign texts. In the reference lists “HEIMILDIR” Icelandic authors are listed by their first name, as is customary in Iceland.

Innanverð baksíða – *Inside back cover:*
Lundi *Fratercula arctica*.
Grímsey, 30. maí 2018.
Ljósm. Daníel Bergmann.

Fýlabyggðir á Íslandi 2013-2015

Fýllinn er einn algengasti sjófuglinn við Ísland. Hann verpur aðallega í öðrum björgum en þeir sjófuglar sem áhersla hefur verið lögð á að telja hingað til og því þurfti sérstakt átak 2013-2015 til að meta stofnstærðina. Það tókst með því að fljúga umhverfis landið með björgum fram og ljósmynda flestar byggðir, en í nokkrum tilfellum voru notuð eldri gögn. Varpstofn fýls á Íslandi var metinn um 1.300.000 setur, tæpur helmingur (47%) á ystu núpum Vestfjarða.

Inngangur

Fýlar af ættkvíslinni *Fulmarus* eru útbreiddir um öll helstu úthöf þar sem sjór er kaldur eða svalur. Hér í N-Atlantshafi eru fýlar sem hefðbundið er að telja til undirtegundarinnar *F. glacialis glacialis* en henni hefur stundum verið skipt í tvær, *F.g. glacialis* í N-Íshafinu og *F.g. auduboni* sunnar (sbr. Mallory o.fl. 2012). Í N-Kyrrahafi er undirtegundin *F.g. rodgersii* sem raunar er talsvert frábrugðin þeirri atlantísku og stundum talin sérstök tegund. Í Suðrhöfum er svo náskyld tegund, *Fulmarus glacialoides* og nokkrar skyldar ættkvíslir (Kerr & Dove 2013).


Vægi fýls í sjófuglafánu Íslands er mjög mikið. Fýlabyggðir eru allt umhverfis landið, þær stærstu í miklum hamraveggjum sem vita mót hafi. Fýllinn er mjög algengur á sjónum allt í kringum land eins og víðast hvar á norðanverðu N-Atlantshafi og er sá fugl sem mest sést af skipum á þessum slóðum. Sem varpfugl er fýllinn kannski hvergi algengari en á Íslandi, en mikill fjöldi verpur einnig á Bretlandseyjum og í Færeyjum (sbr. Tasker 2004). Fremur erfitt er að telja fýl með sæmilegri vissu en hér stendur nokkuð upp á Íslendinga því að N-Atlantshafsstofninn er að miklu leyti íslenskur.

Þrátt fyrir að fýllinn sé einn af algengustu fuglum landsins, hefur lengi ríkt um hann nokkur vanþekking. Líklega voru hugmyndir fræðimanna um útbreiðslu byggða og fjölda fýla í þeim stundum bjagaðar. Margs konar ástæður virðast hafa verið fyrir þessu, bæði félagslegar og umhverfislegar. Sem dæmi um félagslegar ástæður má nefna að í Biblíunni (5. Mósebók, kafla 14) er lagt bann við áti á máfum en menn hafa löngum ruglað saman fýl og máfum eða talið fýllinn til máfa (sbr. forna nafnið fúlmár). Lítið er vitað um hve nákvæmlega menn fylgdu Gamla testamentinu hér áður fyrr, en þetta hefur getað valdið því að menn höfðu ekki hátt um fýlaát sitt. Einnig er lyktin af fýlnum og fýlafiðri yfirleitt talin vond og loddin við fólk sem svaf við kodda og sængur troðnar fýlafiðri. Þessi lykt fór oft saman við fátækt („kotalykt“, sbr. Lúðvík Kristjánsson 1986:237). Auk þess eru staðhættir í mörgum af stærstu fýlabyggðunum þannig að afar erfitt hefur verið fyrir fræðimenn að meta fjölda fugla með einhverri nákvæmni.

Nýlega birtum við yfirlit um fjölda fýls í fuglabjörgum, sem höfðu verið könnuð til að meta fjölda nokkurra bjargfuglategunda, en slíkt stofnmat er undirstaða ýmissa



1. mynd. Fýlar *Fulmarus glacialis* í æti. Tálknafjörður 9. maí 2006. – *Foraging Fulmars* *Fulmarus glacialis*. – Arnbór Garðarsson.



2. mynd. Dreifing helstu fýlabyggða á Íslandi sbr. viðauka. Mörk 17 svæða sem fjallað er um í texta og skráð í 1. töflu eru sýnd með breiðum svörtum strikum. – The distribution of the main Fulmar colonies in Iceland. Boundaries of 17 sectors described in the text and in Table 1 are shown as bold black lines. Full details for each major colony are given in Appendix.

annarra rannsókna og skynsamlegrar meðferðar villtra stofna (Arnbór Garðarsson o.fl. 2011). Fýllinn hefur þá sérstöðu að hann byggir margs konar björg sem aðrir sjófuglar nýta ekki og er þar að auki mjög útbreiddur meðfram ströndinni. Því varð snemma ljóst að erfitt gæti reynst að meta fjöldann. Tilraunir til þess hófust samhliða öðrum talningum í fuglabjörgum, og var fram haldið eftir að þeim talningum var að mestu lokið. Fyrstu athuganir bentu til þess að stærstu fýlabyggðirnar væru í háum þverhníptum björgum fyrir opnu hafi og líklega væri fjöldinn lítill utan þessara stærstu byggða. Nánari athuganir leiddu í ljós að hægt var að telja fýla á sniðum sem voru mörkuð eftir að myndir höfðu verið teknar. Þegar hér var komið sögu ákváðum við að gera tilraun til að meta íslenska fýlastofninn.

Markmið þessa verkefnis var að skrá útbreiðslu og fjölda fýls í byggðum sem ekki höfðu áður verið kannaðar og einnig að nýta tölur sem þegar lágu fyrir. Þessar upplýsingar um varpútbreiðslu og fjölda gætu einnig komið að gagni ef reynt væri að skýra tengsl varpstofnsins við hafið og kanna nánar sjóferðir fýla úr ýmsum landshlutum. Ákveðið val fýlsins á háum þverhníptum björgum til varps er einnig áhugavert. Útbreiðsla í smáatriðum eða nákvæmar talningar á einstökum byggðum voru ekki markmið þessarar könnunar (sjá þó viðauka). Slíkar upplýsingar nýtast að vísu þegar bera á saman breytingar á fjölda milli ára eða lengri tímabila, en í heildarkönnun er varla hægt að búast við nægilegri nákvæmni til slíks samanburðar.

Aðferðir og efniviður

Fýllinn er mjög útbreiddur varpfugl, einkum í hamrabeltum meðfram ströndinni og stundum nokkuð inn til landsins. Byggðirnar eru margar hátt í hömrnum og sjást misjafnlega vel tilsýndar. Þessi dreifing er ekkert sérlega aðlaðandi fyrir hefðbundnar athuganir. Þess í

stað var könnunin byggð á notkun flugvélar og stafrænni ljósmyndatækni sem gerir það mögulegt að taka mjög mikið magn mynda á stuttum tíma. Alls voru teknar um 40.000 myndir til þess að velja úr og telja fýl, en slíkt hefði trúlega reynst mjög erfitt ef nota hefði átt filmu.

Athuganir fóru að mestu fram úr lofti og fólust í því að fljúga tveggja hreyfla flugvél á um 100 hnúta (180 km/klst) hraða meðfram allflestum björgum umhverfis landið, hvort sem þau voru á jaðri sjávar eða láglendis. Um leið voru stafrænar myndir teknar, annars vegar undir gleiðhorni til yfirlits og hins vegar með aðdrætti til talninga.

Myndirnar voru síðan skoðaðar á tölvuskjá og talin sjáanleg fýlssetur (sjá hér á eftir). Helstu byggðir voru afmarkaðar út frá landslagi, yfirleitt þannig að ein byggð samsvaraði einum bjargvegg í fjalli milli tveggja dala. Talningarmyndirnar sýndu hamrabeltin þvert á sjónlínu með litlu fráviki ofan frá venjulegu útsýni. Yfirleitt voru mörkuð sem næst lóðrétt snið í hamraveggina og breidd þeirra metin. Reynt var að meta mælikvarða á myndum út frá samanburði við gervitunglamyndir Landmælinga Íslands (atlas.lmi.is/kortasja/) eða Google Earth (google.com/earth), og loftmyndir, einkum frá Loftmyndum ehf (www.loftmyndir.is). Mælikvarði var einnig metinn án samanburðar við landslagið og var þá byggt á fýlnum sjálfum og gert ráð fyrir að hver sitjandi fýll væri 35 cm langur frá bringu til stélenda (1. mynd).

Talningareiningin *setur* er staður sem setinn er af stökum fýl, tveimur fýlum þétt saman eða fleiri en tveimur fýlum í hnapp. Við teljum líklegt að þessi talningareining samsvari oftast hreiðurstæði í breiðum skilningi. Stakur fýll í bjargi er oft á hreiðri en gæti einnig verið fugl sem situr á þægilegum stað í bjarginu, er kannski paraður hreiðurfugl einhvers staðar annars staðar, en gæti líka verið aðkomufugl sem hefur tyllt sér á staðinn og er ekki endilega tengdur neinum varpstað. Eins eru tveir

1. tafla. Skráð fýlissetur á 17 svæðum (sbr. 2. mynd). Áætlaðar viðbætur eru á svæðum sem ekki tókst að kanna úr lofti. – *Fulmar sites (AOS) on 17 sectors of coast (cf. Figure 2) and estimated additions in areas which could not be surveyed from the air.*

Svæði Sector	Ár Year	Setur skráð AOS rec.	Áætluð Estimated	Setur alls AOS sum	% %	km km	Hæð (m) Ht (m)	ha ha	Setur/km AOS/km	Setur/ha AOS/ha
1 Suðausturland (Kolgríma - Kúðafljót)	2007-15	16848	3000	19848	1,6	10,1	80	81	1965	246
2 Miðsuðurland (Kúðafljót - Þjórsá)	2007-15	82459	32535	114994	9,1	51,6	83	408	2229	282
3 Vestmannaeyjar	2006-08	38377		38377	3,0	29,1	66	192	1319	200
4 Suðvesturkjálkinn (Þjórsá - Straumsvík)	2006-14	15949		15949	1,3	46,0	50	229	347	70
5 Faxaflói (Straumsvík - Grafarós)	2009-15	26298		26298	2,1	23,8	85	236	1105	112
6 Snæfellsnes (Grafarós - Rif)	2005-13	2179		2179	0,2	17,6	30	52	124	42
7 Breiðafjörður (Rif - Bæjarós)	2009-15	64653		64653	5,1	40,2	104	419	1608	154
8 Látrar (Bæjarós - Ósafjörður)	2007-13	193005		193005	15,3	34,5	193	667	5594	289
9 Vestfirðir (Ósafjörður - Sléttunes)	2013-14	260597		260597	20,6	64,5	321	2069	4040	126
10 Hornstrandir (Sléttunes - Reykjarfjörður)	2007-14	140463		140463	11,1	42,9	235	1010	3274	139
11 Húnaflói (Reykjarfjörður - Skagatá)	2007-14	29187	3000	32187	2,5	31,3	96	300	1028	107
12 Skagafjörður (Skagatá - Siglufjörður)	2014-15	43026		43026	3,4	41,2	74	304	1044	142
13 Eyjafjörður (Siglufjörður - Þorgeirsfjörður)	2013-15	70934		70934	5,6	37,6	100	376	1887	189
14 Grímsey	2007	9984		9984	0,8	6,0	55	33	1664	303
15 Skjálfandi - Öxarfjörður (Þorgeirsfj. - Núpsk.)	2008-14	11479	500	11979	0,9	61,2	70	427	196	28
16 Norðausturland (Núpskatla - Selfljót)	2006-15	98306		98306	7,8	89,9	58	521	1094	189
17 Austfirðir (Selfljót - Kolgríma)	2008-15	119670		119670	9,5	97,6	110	1072	1226	112
Samtals – Total		1223414	39035	1262449	100,0	725,1	116	8396	1741	150

fuglar, sem sitja þétt saman, trúlega oft paraðir, en geta líka verið að ræða málin af öðrum ástæðum. Sama má segja um þetta smáhópa sem oft sjást sitjandi og eru oftast túlkaðir sem samkomur einstaklinga í leit að mögulegum hreiðurstæðum. Yfirleitt eru fýlar sem ekki liggja á hreiðrum sýnilegir en álegufuglarnir. Hreiðrin eru í djúpum skálum og hálfgrafin ofan í svörðinn. Í stuttu máli má því segja að hvert setur svari nokkurn veginn til mögulegs hreiðurstæðis og þar með að setur sé nálægt því að svara til fýlspars. Lengra verður ekki komist á þessari braut nema með miklu ítarlegri skoðun en hér er lýst.

Myndataka var mjög háð veðri. Í fyrsta lagi þarf stíllt veður til að nálgast fjallsbrúnir af sæmilegu öryggi. Veðrið þarf líka að vera bjart, án rykmisturs, og þurrt ef skarpar myndir eiga að nást. Birtuskilyrði ráða mjög miklu, hvítir fýlar þurfa að teikna sig vel frá dökkum bakgrunni.

Úrvinnsla mynda til talninga var nokkuð mismunandi eftir kringumstæðum, sérstaklega landslagi og fjölda byggða. Farið var fljótt yfir svæði þar sem aðeins fáir fýlar sáust og fjöldi þeirra metinn gróft. Björgin sem fýlar byggja eru mjög mismunandi og þurfti að aðlagja talningaraðferðir að því. Hér er átt bæði við einsleitni bjarganna og grófleika og skipulag munsturs í klettum. Auðveldast var að fást við löng lagskipt blágrýtisbjörg þar sem endurtekning var jöfn á hverri lengdareiningu. Þar voru notuð fremur mjó löðrétt snið, oft um 20 m breið (stundum allt að 10-50 m). Breiðari snið voru notuð þar sem berggerð var óregluleg (t.d. í líparítbjörgum) og gátu þau verið allt að 300 m breið. Á nokkrum stöðum, einkum um miðbik Suðurlands, verpa fýlar á bergveggjum í gljúfrum sem að mestu eru lítt sýnileg úr lofti. Hér er reynt að meta þennan fjölda á grundvelli fyrirliggjandi gagna, en skekkjumörk hljóta að vera víð. Fjöldi fýls á dreif í minni háttar björgum víða um land er einnig hafður

út undan hér. Hann er trúlega lítill en verður kannski aldrei metinn nákvæmlega.

Niðurstöður

Niðurstöður um fýlabýggðir eru raktar hér á 17 skilgreindum svæðum (sbr. Arnþór Garðarsson o.fl. 2019) og er farið réttisælis hringinn í kringum land og byrjað á Suðausturlandi. Þessi svæðaskipting rímar nokkurn veginn við sjávarhita og hafstrauma. Byrjað er í hlýjum Atlantshafssjó og endað þar sem sjór er að jafnaði kaldastur. Að fengnum niðurstöðum skoðum við það munstur sem könnunin gefur til kynna og túlkum dreifinguna út frá fjölda setra á hverju svæði (1. tafla).

Svæði 1. Suðausturland

Ströndin frá Kolgrímu í Suðursveit, um Örafasveit vestur að Kúðafljóti er lág og sendin og björgin stór en nokkuð langt (yfirleitt 1-5 km) frá sjó. Svæðið var kannað í júní 2014 og 2015 en birtu- og veðurskilyrði voru fremur óhagstæð. Stærsta byggðin var í Steinafjalli í Suðursveit, tæplega 9000 setur. Í Örafum, Fljótshverfi og á Síðu virtist aðeins vera fyll á strjálíngi og engar verulega stórar fýlabýggðir fundust, en fjöllin eru stór og fáeinir fýlar verpa þar víða. Alls voru metin um 17.000 setur á svæði 1 og ólíklegt virðist að heildarfjöldinn fari mikið yfir 20.000 á svæðinu.

Svæði 2. Miðsuðurland

Hér er átt við miðbik Suðurlands, frá Kúðafljóti vestur að Þjórsá. Fýlabýggðir eru margar og miklar í Mýrdal og Eyjafjöllum og hefur talsvert verið ritað um þær, landnáms sögu fýlsins og nýtingu. Þýski könnuðurinn Friederich August Ludwig Thienemann (1824) getur fyrstur manna um fýlsvarp í Mýrdal, en þar fundu hann



3. mynd. Höfðabrekka í Mýrdal, séð úr lofti 6.6.2014. Næst sést Höfðabrekkuháls þar sem F.A.L. Thienemann (1824) fann nýstofnaða fýlabyggð árið 1821. – *Höfðabrekka in Mýrdalur, showing to the right of the farm houses the low cliff Höfðabrekkuháls where Thienemann (1824) found a newly established Fulmar colony in 1821.* – Arnþór Garðarsson.

og föruneysi hans nýstofnaða byggð í ágúst 1821 (3. mynd). Síðar hefur Borgþór Magnússon (2008, 2016) fjallað ítarlega um fýlinn í Rangárvallasýslu (aðallega Eyjafjöllum en einnig Fljótshlíð). Talningar okkar fóru fram í júní 2014 og 2015. Stærstu fýlabyggðirnar eru meira og minna samfelldar, um 25.000 setur í björgum frá Háafelli um Fagradal og Víkurhamra í Reynisfjall í Mýrdal og um 20.000 meðfram Eyjafjöllum frá Írá að Seljalandi. Rúmlega 10.000 setur voru sunnan í Steinafjalli við Holtsós. Meðalþéttleiki í björgum á svæðinu var 1684 setur á km.

Alls var áætluð heildartala fyrir svæðið um 82.000 setur en gera verður fyrirvara um við vikmörk og auk þess var ekki talið á bergveggjum í gljúfrum og inn til landsins. Talsvert af fýl verpur í þröngum dölum og gljúfrum og eru þær byggðir illviðráðanlegar úr lofti. Lengd fýlabyggða á opnum bjargveggjum var metin alls um 44 km þegar talið var á árunum 2014-15. Lengd bergveggja í giljum er erfitt að meta á sama hátt. Þeir eru flestir fremur lágir og þéttleiki fýlssetra í giljum er því minni en á opnum hömrum. Ein stærsta fýlabyggðin af þessu tagi er Kaldaklifsgil. Þar var meðalþéttleiki á km 622 setur (95% vikmörk 440-804, metinn á 21 sniði með myndatöku á landi 9. júlí 2015).

Heildarlengd bergveggja í Mýrdal og Eyjafjöllum, þar sem fýlabyggðir voru árin 1980-1981 (sbr. kort í Borgþór Magnússon 2016), var mæld sérstaklega á nýlegum kortgrunni og fékkst þá talan 92,7 km fyrir opna bjargveggi og 145,4 km fyrir giljaveggi. Miðað við fyrrgreinda 44 km af bergveggjum, mætti meta giljaveggina alls sem 69 km út frá hlutfallslegri lengd. Alls fundust 20.504 fýlssetur á 51 km giljaveggja árin 1980-1981, eða að meðaltali 399 setur á km (Borgþór Magnússon 2008). Þessar tölur mætti nota til þess að gera sér hugmynd um heildarfjölda setra í giljum, $69 \times 399 = 27.531$. Fýlar verpa auk þess víða í Fljótshlíð. Þar reyndum við ekki að telja, en Borgþór kannaði þær byggðir árið 1980 og fann alls 5004 setur á 32 km gilveggja og lágra

hamra. Gróflega metið er því heildarfjöldi fýlssetra á Miðsuðurlandi: $82.459 + 27.531 + 5004 = 114.994$. Þetta mat er helst hægt að bæta með því að samræma betur talningar og mælingar.

Svæði 3. Vestmannaeyjar

Fýlar og aðrir bjargfuglar í Vestmannaeyjum voru taldir á árunum 1983-4 og 2006-8. Fjöldi fýls var alls um 65.000 setur í fyrra skiptið en um 38.000 í það seinna (Arnþór Garðarsson o.fl. 2011). Í 1. töflu er miðað við fjöldann árin 2006-8, en á þeim tíma voru fýlar í lágmarki bæði í Látrabjargi og Skoruvíkurbjargi og því má vera að í Vestmannaeyjum hafi talan einnig verið með minnsta móti. Stærstu byggðirnar í Vestmannaeyjum eru á Heimaey, einkum Heimaklettur-Ystiklettur, Álsey og Bjarnarey. Fýlabyggðir í Eyjum eru aðallega í háum björgum, en á úteyjunum Geldungi og Súlnaskeri er einnig talsvert uppi á þekjunni.

Svæði 4. Suðvesturkjálkinn

Með Suðvesturkjálka er átt við Reykjanesskaga í víðri merkingu, mörkin eru dregin um Þjórsá og Straumsvík. Svæðið er nokkuð vel þekkt, enda þéttbýlt. Helstu fuglabjörgum var lýst fyrir 30 árum (Arnþór Garðarsson 1984) og öðrum fýlabyggðum eru gerð skil í skýrslum um náttúru Reykjanesskaga (Kristbjörn Egilsson 1986, 1989). Sunnan og austan til á Reykjanesskaga er hálent og lág björg ná sums staðar að sjó, en minna er um slíkt landslag að norðanverðu. Helstu fýlabyggðirnar eru í löngum og fremur lágum björgum og eru allar fremur smáar, þær stærstu í bjarginu ofan við Herdísarvík, tæplega 4000, og í Vogastapa, um 3000 setur. Fáeinir fýlar verpa á dreif í fjöllum inn um Reykjanesskagann (t.d. Þorbjörn, Helgafell) og er þeim sleppt í þessu yfirliti. Alls voru fýlabyggðir í 46 km löngum björgum, þar af eru 17,5 km sjávarbjörg. Þéttleikinn var að meðaltali 350 setur á km. Heildarfjöldi setra var um 16.000 og áætluð 95% vikmörk 8.600–24.000.

Svæði 5. Faxaflói

Innanverður Faxaflói nær frá Straumsvík við Hafnarfjörð að Grafarósi sunnan á Snæfellsnesi. Fýlabyggðir eru víða, en flestar fremur litlar. Í fjöllum við sunnanverðan Faxaflóa eru nokkrar allstórar byggðir, flestar ofarlega í þverhníptum hömrum, svo sem í Kerhólakambi (Esju), um 1200 setur, í Háahnúk í Akrafjalli (2200) og norðan í Akrafjalli (7000). Nokkrar byggðir eru í giljum, til dæmis um 400 setur í Flugugili norðan í Þrándarstaðafjalli í Hvalfirði og um 4700 í gljúfri Botnsár neðan við Glym. Strjálíngur af fýl verpur í lágum klettum og eyjum meðfram ströndinni. Eyjabbyggðirnar eru flestar mjög litlar en hafa sumar farið stækkandi á síðari árum. Stærstar þeirra eru Klofningur við Akra á Mýrum og Tjaldurseyjar úti af Skógarnesi. Í Klofningi voru 215 setur vorið 2010, en voru talin 147 árið 1983 og aðeins 45 árið 1955. Í Tjaldurseyjum voru 243 setur árið 2010, 115 árið 1975 og 24 árið 1958. Þessar tölur svara til árlegrar fjölgunar í Klofningi um 3% og í Tjaldurseyjum um 4% á síðast liðinni hálfri öld.

Lítið sem ekkert verpur af fýl í fjöllum norðaustanvert við Faxaflóa en nokkrar byggðir eru á sunnanverðu Snæfellsnesi, þeirra mest, tæplega 4000 setur, í Knarrarfjalli við Breiðuvík. Alls voru um 22.500 fýlssetur skráð við Faxaflóa, en eftir er að afla gagna af nokkrum stöðum, aðallega í innanverðum Hvalfirði.

Svæði 6. Snæfellsnes

Þægilegt er að halda utanverðu Snæfellsnesi, frá Grafarósi að Rífi, sem aðskildu svæði, því að þar eru nokkur aðgengileg og teljanleg fuglabjörg sem liggja vel við skoðun. Sjávarbjörgin voru talin 1983 og 2005 (Bornaechea & Arnþór Garðarsson 2006). Fjöldi fýlssetra var um 2600 árið 1983 og 1800 árið 2005. Við þá tölu er bætt Botnsfjalli sem skoðað var í júní 2013. Heildartalan fyrir svæðið verður þá um 2200 setur.

Svæði 7. Breiðafjörður

Breiðafjörður er hér afmarkaður sem strandlengja og eyjar Breiðafjarðar frá Rífi á Snæfellsnesi til Bæjaróss á Rauðasandi. Fýll verpur í fjallahömrum kringum allan fjörðinn. Mjög stórar fýlabyggðir eru við Grundarfjörð, þær stærstu í Mýrarhyrnu, um 15.000 setur 2014 og Kirkjufelli, alls um 11.000 setur 2013. Í Stöðinni (Brimlárhöfða) og Bjarnarhafnarfjalli eru einnig verulegar fýlabyggðir. Alls voru um 40.000 setur í fjallahömrum norðan á Snæfellsnesi, frá Búlandshöfða að Bjarnarhöfn. Yst við norðanverðan Breiðafjörð, frá Vatnsfirði út á Melanes, voru alls um 16.000 setur, meiri hluti þeirra (9500) frá Siglunesi út að Skor. Utan til á Skarðströnd eru nokkrar fýlabyggðir, sú stærsta í Ballarárhlið, um 1700 setur. Innar við Breiðafjörð er lítið um fýl.

Breiðafjarðareyjar eru rómaðar fyrir fuglalíf, en sjófuglarnir, sem þar verpa mest, byggja flestir á fæðuöflun á grunnsævi innan fjarðarins. Úthafsfluglinn fýll sækir líklega fæðuna mest annars staðar, en verpur í eyjunum til þess að forðast menn og önnur landspendýr. Engin sérstök könnun á fjölda fýls hefur verið gerð í Breiðafjarðareyjum.

Fremur lítið er um hann í eyjunum og er talið að hann hafi numið þar land kringum 1930 (sbr. Ævar Petersen 1989). Fýlar hafa verið taldir öðru hverju á loftmyndum af eyjum Breiðafjarðar um leið og aðrar athuganir voru gerðar. Flestar nothæfar myndir voru frá 1984. Talningar á fyrirbyggjandi myndum sýna alls 3645 fýlssetur, en nokkrar eyjar hafa þó ekki verið ljósmyndaðar. Gróft mat bendir til þess að lágmarkstala fýls í Breiðafjarðareyjum sé um 4000 setur og ólíklegt virðist að fjöldinn þar geti verið meiri en 6000. Heildarfjöldi fýlssetra í eyjunum er metinn kringum 5000 út frá þessum gögnum. Fýlabyggðir eru helst í ystu og hæstu eyjunum, til dæmis Sauðeyjum (alls um 900 setur) og Hrauneyjum (um 350). Af öðrum eyjum má nefna Fót (Svefneyjafót, um 100 setur), Vaðstakksey (170), Elliðaey (75), Klakkeyjar (um 300), en lítið er um fýl innfjarða og í lágum eyjum.

Fjöldinn í nokkrum eyjum á norðanverðum Breiðafirði hefur staðið í stað frá því að fyrst var talið, árið 1975. Í Ásmóðarey voru 142 setur vorið 2006 og 131 setur 2008, en voru talin 135 vorið 1975. Í Lat (Hafrakletti) voru 116 setur 2010, 117 árið 2006 og 125 árið 1975. Í Melrakkaey á Grundarfirði virðist hafa orðið fjölgun nýlega. Þar voru talin 323 setur af loftmyndum árið 2009. Fýlsvarp í Melrakkaey er sagt hafa byrjað um 1951-2. Fyrri tölur, sem fengnar voru með beinum talningum hreiðra á jörðu niðri, eru mun lægri, eða a.m.k. 88 árið 2003 og 96 árið 1987 (Ævar Petersen 2005).

Alls voru talin um 59.000 fýlssetur í fjöllum á Breiðafjarðarsvæðinu og fjöldinn að viðbættum eyjunum var því áætlaður 64.000.

Svæði 8. Látrar

Björgin á vestasta skaga Vestfjarðakjálkans, frá Mábergsfjalli á Rauðasandi um Bjargtanga og Blakksnes inn í Ósafjörð í Patreksfirði, eru þéttsetin sjófugli og er fyllinn víðast yfirgnæfandi, með um 193.000 setur alls. Langmest er af fýl, um 100.000 setur, í Látrabjargi, sem jafnframt er stærsta fýlabyggð landsins. Mjög stór byggð, um 52.000, er einnig á Blakksnesi. Báðar þessar fýlabyggðir eru gamalgrónar. Faber (1822) gerði sér ferð haustið 1821 á Látrabjarg og telur það til helstu fýlabyggða landsins. Jarðabókin getur um eggjatekju í Hænuvík árið 1703, ef sigið er eftir, og getur sú lýsing varla átt við annað en fýlabyggð. Sjálft örnefnið Hænuvík gæti verið dregið af gagginu í fýlnum sem þar fyllir loftið.

Svæði 9. Vestfirðir

Meginhluti Vestfjarða, frá Patreksfirði að Sléttunesi utan við Hesteyri á Jökulfjörðum. Allþéttar fýlabyggðir eru víða í björgum fyrir opnu hafi, en mjög lítið er af fýl innfjarða. Stærstu byggðirnar eru Tálkni (um 30.000 setur), Selárdalshlíðar (Kálfadalshlíð-Skandi, 25.000), Norðurhlíðar (14.000), Bjargahlíð (Skeggi, um 10.000), Tóarfjall (36.000), Barði (17.000), Hrafnaskálarnúpur (11.000), Sauðanes (12.000), Stigahlíð (34.000) og Vébjarnarnúpur (15.000). Heildarfjöldinn var metinn um 261.000 setur. Þessar miklu byggðir eru á afskekktum stöðum og ekki mjög sýnilegar neðan frá og þeirra getur

lítt í heimildum. Bjarni Sæmundsson (1934, 1936) er fyrsta heimildin um þær flestar og hefur bersýnilega séð til þeirra af skipsfjöllum og haft af þeim spurnir hjá heimamönnum. Bjarni gerir sér a.m.k. stundum grein fyrir því að vestfirskar fýlabyggðir væru varla nýtilkomnar.

Svæði 10. Hornstrandir

Hornstrandir ná frá Sléttunesi í Reykjarfjörð nyrðri. Fýlabyggðir eru margar og miklar, þær stærstu reyndust vera Grænahlíð (15.000 setur dreifð á um 8 km), Riturinn (um 13.000 setur talin 2007), Kögur-Balaströnd (27.000), Kjalarárnúpur (19.000), Hælavíkurbjarg (11.000 árið 2007), Hornbjarg (24.000 árið 2007) og Drífandisbjarg (öðru nafni Smiðjuvíkurbjarg, 26.000). Heildarfjöldinn á Hornströndum var metinn um 140.000 setur.

Svæði 11. Húnaflói

Húnaflói er látinn ná frá Reykjarfirði nyrðra í Skagatá. Fýlabyggðir eru yfirleitt fremur smáar, nema Geirólfsnúpur (um 13.000 setur) sem er nyrst og vestast á svæðinu, og var fjöldi setra alls um 29.000. Nokkrar allstórar byggðir eru Drangaskörð (1500 setur), Grímsey á Steingrímsfirði (2500), Heggstaðanes (2500) og Bjargabjörg á Skaga (3600). Engar talningarmyndir náðust af Balafjöllum en þar eru fýlabyggðir í Byrgisvíkurfjalli, Kaldbakshorni og Asparvíkurfjalli (sjá nánar Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 1995). Virðist rétt að bæta 2000-3000 setrum við Húnaflóa og meta fjöldann um 32.000.

Svæði 12. Skagafjörður

Skagafjörður nær hér frá Skagatá í Siglufjörð. Lág björg meðfram firðinum eru víða setin fýl. Mesta byggðin, tæplega 30.000 setur, er í háu bjargi austan í Tindastóli. Aðrar stórar byggðir voru Málmey (5700 setur), og Drangey (rúmlega 3000, talin árið 2007). Heildarfjöldinn var metinn um 43.000 setur.

Svæði 13. Eyjafjörður

Eyjafjörður er látinn ná frá Siglufirði í Þorgeirsfjörð. Fýlabyggðir eru flestar smáar í lágum björgum. Tveir staðir skera sig þó úr: Hvanndalabjörg utan við Ólafsfjörð (um 34.000 setur) og Ólafsfjarðarmúli (27.000 setur). Í lágum björgum og bökkum allt í kringum Hrísey eru fýlabyggðir, alls um 4300 setur, og hefur þar orðið mikil fjölgun á síðustu árum (Þorsteinn Þorsteinsson, munnl. uppl.). Alls var heildarfjöldinn í Eyjafirði metinn um 71.000 setur, en eins og hér sést voru þau flestöll kringum Ólafsfjörð.

Svæði 14. Grímsey

Þægilegt er að halda Grímsey út af fyrir sig. Þar voru fýlissetur talin vorið 2007 og reyndust rétt um 10.000 og hafði fjöldinn lítið sem ekkert breyst frá árinu 1983 (Arnþór Garðarsson o.fl. 2011). Fjöldinn í þessari fornfrægu byggð er því ekkert sérstaklega mikill.

Svæði 15. Skjálfandi – Öxarfjörður

Svæðið Skjálfandi-Öxarfjörður er afmarkað að vestan af Þorgeirsfirði og að austan af Núpskötlum á Melrakkaslétu.

Á þessari strandlengju eru víðast hvar lág sjávarbjörg og fremur þunnskipuð af fýl, en heildartala setra var alls um 11.000. Stærsta byggðin er Rauðinúpur með um 2000 setur. Nokkuð af fýl verpur inn til landsins í Öxarfirði, í Ásbyrgi og Jökulsárgljúfrum, og þar gætu bæst við allt að 1000 setur (sbr. Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2011).

Svæði 16. Norðausturland

Norðausturland nær frá Núpskötlum austur um Langanes alla leið að Selfjótum við Héraðsflóa. Þessi strandlengja er þokusæl og því nokkuð erfið viðfangs fyrir flugtalningar. Hentugt er að skipta henni í fjóra hluta. Nyrst og vestast, á austurströnd Melrakkaslétu, eru fremur lág sjávarbjörg, alls tæplega 30 km löng með um 15.000 fýlissetur. Þá er komið að Langanesbjörgum, alls um 26 km með um 16.000 setur samtals. Á Digranesi sunnan Bakkaflóa eru allhá björg, kennd við bæina Viðvík og Strandhöfn, sem alls eru 10 km löng; þar höfum við áætlað um 60.000 fýlissetur, aðallega í Viðvíkurbjörgum. Milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa eru mikil líparítfjöll (Búr og Fagradalsfjöll) þar sem jarðmyndanir og fýlabyggðir eru fremur óreglulegar og því erfið að meta en þar töldust alls rúmlega 6000 setur. Samtals var fjöldi fýls á Norðausturlandi metinn 98.000 setur á um 90 km bjarga.

Svæði 17. Austfirðir

Þetta eru Austfirðir, frá Selfjótum við Héraðsflóa að Kolgrímu í Suðursveit. Vænar fýlabyggðir eru víða í björgum útfjarða. Frá Óshlíð austan Héraðsflóa suður að Seyðisfirði eru alls um 20.000 setur í um 17 km bjarga. Stærstu byggðirnar þar eru Gripdeild (um 5500) og Hafnarbjarg (4000). Um miðbik Austfjarða, frá Seyðisfirði suður í Reyðarfjörð, eru alls um 46.000 setur í 18 km bjarga, langflest í þremur stórum björgum: Skálanesbjargi við Seyðisfjörð (11.500), Norðfjarðarnípu norðan til (tæplega 10.000) og Gerpi (um 23.000). Á sunnanverðum Austfjörðum, frá Reyðarfirði að Hamarsfirði var minna af fýl, tæplega 7000 setur á 39 km bjarga. Syðst á svæðinu, í Lóni og Hornafirði, voru skilyrði afleit þegar þar var farið um, 14. júní 2014. Fjöldi setra þar var metinn út frá þéttleika í Krossanesfjalli og Hvalnesfjalli 6. júní 2015. Alls voru áætluð um 48.000 setur á 26 km bjarga í Lóni og austanverðum Hornafirði og voru stærstu byggðirnar Hvalnesfjall (um 13.000 setur) og Vesturhorn-Fjarðarfjall (17.000 setur). Samtals var fjöldi fýls á svæði 17 metinn um 120.000 setur á 98 km bjarga, en tekið skal fram að meiri óvissa er um þetta mat en fyrir aðra landshluta.

Yfirlit fjölda og útbreiðslu

Heildarfjöldi fýlissetra á Íslandi var að lágmarki um 1.222.000 setur, en við þá tölu bætast um 34.000 setur, sem minni víska er um, og lágmarksfjöldinn gæti því verið um 1.260.000 setur. Alls var fjöldi setra metinn eða talinn í um 250 byggðum, en þar fyrir utan verpa fýlar víða á dreif án þess að vera teljanlegir. Hér kann því enn að skorta nokkrar upplýsingar sem hækka töluna eitthvað. Erfitt er að nálgast nákvæmar upplýsingar um fjölda fýls og kemur þar margt til. Í fyrsta lagi er hér yfirleitt stuðst við

2. tafla. Einfaldað yfirlit fýlsvarps eftir landshlutum. Setur er summa talinna og áætlaðra setra (sjá 1. töflu). – A simplified overview of breeding Fulmars in five main sectors of coast. Length of colonies (in km) and average height (in meters) are given as well as average number of AOS per km and per hectare (ha).

Landshluti Region	Setur alls AOS sum	% %	km km	Hæð (m) Ht (m)	ha ha	Setur/km AOS/km	Setur/ha AOS/ha
1-3 Suðurland (Kolgríma - Þjórsá)	173219	13,7	90,8	75	681	1908	254
4-6 Suðvesturland (Þjórsá - Rif)	44426	3,5	87,4	59	517	508	86
7-10 Norðvesturland (Rif - Reykjarfjörður)	658717	52,2	182,1	229	4165	3617	158
11-15 Norðurland (Reykjarfjörður - Núpskatla)	168110	13,3	177,3	81	1440	948	117
16-17 Austurland (Núpskatla - Kolgríma)	217976	17,3	187,5	85	1593	1163	137
Samtals – Total	1262448	100,0	725,1	116	8396	1741	150

mjög lítil úrtök á hverjum stað. Í öðru lagi eru aðstæður til talninga líklegar til að valda skekkjum sem erfitt getur verið að meta. Í þriðja lagi hefur komið í ljós talsvert mikill breytileiki milli ára, en stofninn á varpstöðvum austan, sunnan og vestan lands var í lægð kringum árið 2007 (Arnþór Garðarsson o.fl. 2011).

Fýlabyggðir eru nokkuð jafndreifðar meðfram ströndinni allt umhverfis land. Stærð byggða (fjöldi setra) er háð bjarghæð og fjarlægð frá sjó. Fýlabyggðir eru mestar útfjarða og fyrir opnu hafi en síður innfjarða. Stærstu byggðirnar (>10.000 setur) eru í háum björgum (hæð þverhníps oft um 200 m eða meira). Þær eru flestar á Vestfjarðakjálkanum, frá Rauðasandi norður á Hornstrandir, en utan þessarar samfellu eru mjög stórar byggðir kringum Grundarfjörð, í Tindastóli vestan við Skagafjörð, við Ólafsfjörð, í Viðvíkurbjörgum norðaustanlands, í nokkrum björgum á Austfjörðum, í Mýrdal og Eyjafjöllum og í Vestmannaeyjum. Alls voru um 823.000 setur í 36 stærstu byggðunum (>10.000 setur hver) eða 68% af heildarfjöldanum.

Til að fá skýrari mynd er heppilegt að sameina fyrrgreind 17 talningarsvæði í færri samstæð svæði (2. tafla). Þrjú talningarsvæði, frá Kolgrímu í Suðursveit að Þjórsá, mynda *Suðurströndina* (1 Suðausturland, 2 Suðurland og 3 Vestmannaeyjar) og þar eru um 11% skráðra fýlssetra. Björgin eru yfirleitt úr móbergi og fremur lág (meðalhæð um 74 m). Þéttleiki setra var að meðaltali 1499 á hvern km bjargs, eða 202 á hvern ha bjargs. *Suðvesturströndin*, frá Þjórsárósi að Rífi, er einnig samsett úr þremur svæðum (4 Suðvesturkjálkinn, 5 Faxaflói og 6 Snæfellsnes yst). Þar eru um 3% setranna. Bjarggerð er aðallega móberg á Reykjanesskaga, lagskipt grágrýti eða blágrýti við Faxaflóa og mjög blönduð á Snæfellsnesi. Björgin eru að meðaltali 57 m há og þar með að jafnaði þau lægstu umhverfis landið. Þéttleiki setra er líka lítill, að meðaltali aðeins 453 á km eða 80 á ha. *Norðvesturströndin* er fengin með því að sameina Breiðafjörð (svæði 7) og alla Vestfirði frá Rauðasandi í Reykjarfjörð nyrðri (svæði 8, 9 og 10). Hér eru björgin yfirleitt úr blágrýtislögum og að meðaltali mjög há (um 229 m). Flest stóru björgin á Vestfjörðum eru fyrir opnu hafi en hæstu björgin við Breiðafjörð eru kringum Grundarfjörð. Um 54% fýlssetranna voru á þessu svæði, meðalþéttleikinn var sá mesti á landinu,

3605 setur á km og 158 á ha bjargs. *Norðurströndin* er skilgreind sem svæði 11, 12, 13 og 14, eða strandlengjan frá Reykjarfirði vestan við mynni Húnaflóa að Núpskötlu austan við Rauðanúp á Melrakkaslétu. Björg eru hér fjölbreytt að gerð og hæð. Meðalhæð er 81 m. Mjög há björg eru fá (Geirólfsnúpur, Tindastóll, Hvanndalabjörg, Ólafsfjarðarmúli) og þar verpur mikið af fýl. Önnur björg eru yfirleitt lægri en víða þétt setin. Um 13 % allra setra var á svæðinu og var þéttleikinn 925 á km eða 114 á ha. *Austurströndin* er samsett úr Norðausturlandi þar sem björg eru löng en fremur lág (meðalhæð 55 m) og Austfjörðum með allfjölbreyttum háum (meðalhæð 110 m) björgum og mörgum. Meðalhæð var 84 m. Alls voru um 18% setra á þessu svæði og var meðalþéttleiki 1163 setur á km og 139 á ha.

Umræða

Útbreiðsla og fjöldi fýls á Íslandi er nú allvel þekkt. Útbreiðslan innan svæða og landshluta skýrist af framboði örugga setra (hreiðurstæða) sem ræðst að mestu af flatarmáli þverhnípis. Hæð bjarga skiptir þar miklu máli.

Fjöldinn í hverri fýlabyggð samsvarar vel hæð og stærð bjarga við sjó og í nágrenni strandarinnar. Byggðin mótast af öryggi varpstaða. Þeir þurfa að vera ókleifir tófum og mönnum. Sá eiginleiki er þó ekki óbrigðull. Breytingar vegna hruns og skriðufalla eru algengar í brattlendi, og breytileg snjóþyngsli geta einnig skipt máli, því að þau hafa áhrif á aðgengi fyrir frjálsa klifrara eins og tófu. Stærstu, hæstu og bröttustu björgin eru yfirleitt fyrir opnu hafi eða útfjarða. Innfjarða og inn til landsins eru björgin yfirleitt lægri og þar eru fýlssetur dreifðari. Varpstaðir inn til landsins gætu auk þess verið hættulegri vegna fleygra og jarðbundinna ræningja sem eru skeinuhættir fullorðnum fýlum og nýfleygum ungum á leið milli varpstaðar og sjávar.

Rétt tæpur helmingur íslenskra fýla verpur á Vestfjörðum og standa aðrir landshlutar þeim langt að baki. Líklegast er að nálægð við fæðuslöd skýri að nokkru mikinn fjölda fýla fyrir vestan. Fyllinn aflar fæðu úr úthafinu og varpstaðir sem eru innfjarða og jafnvel inn til landsins sýna hversu langdrægur fuglinn er. Því er ýmislegt í útbreiðslunni sem fellur vel að nýlegum upplýsingum um ferðir fýlsins á úthafinu.



4. mynd. Blakkur (Blakknes) að norðan, 11.6.2013, þétt fýlabyggð og sú þriðja mesta á landinu (um 52.000 setur). Fyrst getið árið 1703 í Jarðabók. – *North side of Blakkur, 11 June 2013, a dense Fulmar colony and the third largest in Iceland (52,000 AOS). First recorded 1703 in the Land Registry.* – Arnþór Garðarsson.

Ýmsir fræðimenn hafa undrast skjóta útbreiðsluaukningu og fjölgun fýls og er upphafið oft miðað við landnám hans við Höfðabrekku í Mýrdal árið 1821. Landnám fýlsins á Suðurlandi er vel þekkt. Þar liggja fyrir greinargóðar heimildir og samtímalýsingar (Thienemann 1824, Fisher 1952, Borgþór Magnússon 2008, 2016). Norðanlands er helst að byggja á færeyska náttúrufræðingnum Nicolai Mohr (1786) en hann tekur sérstaklega fram að fýllinn verpi aðeins í Grímsey. Mjög rýrar heimildir eru um fýlabyggðir annars staðar á landinu fyrir en á 20. öld og hætt við að áhersla höfunda sé þar nokkuð lituð af hugmyndum um að fyrstu fregnir styðji landnám. Mohr getur þess einnig að fýllinn verpi ekki í Færeyjum, en þar hófst landnám hans snemma á 19. öld (Fisher 1952 og heimildir þar). Landnám á Bretlandseyjum, annars staðar en á St. Kilda, fylgir svo upp úr 1878 (Fisher 1952).

Heimildir um fýlsvarp fyrir á öldum eru af skorum skammti og áhugasamir fræðimenn hafa eflaust gert fullmikið af því að taka gagnaskort sem ábendingu um að enginn fýll ypi á hinum eða þessum stöðum. Þegar menn fara að setja saman náttúrufræði á 18. öld var fýllinn aðallega nytjaður af fátæklingum og ekki víst að frásagnir þeirra af fýlsnytjum hafi náð óbrenslaðar til fræðimanna. Í Jarðabókinni er þessara nytja aðeins getið í Grímsey, en þar segir að sigið sé eftir fýlingsunganum á áliðnu sumri (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943, 10. bindi, bls. 317, ritað 1713). En auk þess greinir Jarðabókin frá eggjatöku í Hænuvík vestan við Patreksfjörð (Árni Magnússon & Páll Vídalín 1938, 6. bindi, bls. 318, ritað 1703) og er þar trúlega átt við fýlsegg úr Blakki (4. mynd). Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson (1772) geta um fýlabyggðir í Vestmannaeyjum og Fuglaskerjum við Reykjanes. Ólafur Olavíus (1780) segir fuglategju og eggja vera með sama sniði í Smiðjuvíkurbjargi eins og Hornbjargi, en þar ferðaðist hann um árið 1775. Benjamín Eiríksson, bóndi í Smiðjuvík, taldi að svartfugl hefði orpið þar um slóðir til um 1920 (Arnþór Garðarsson 1995, skv. Þorsteini

Einarssyni). Með hliðsjón af síðari tíma þekkingu virðist hugsanlegt að fuglategjan í Smiðjuvík hafi í raun verið fýll en ekki svartfugl. Brautryðjandinn Frederik Faber (1822) getur fyrstur manna um fýlsvarp í Krýsuvíkurbergi, Hafnabergi og Látrabjargi. Engin þessara fyrstu heimilda um fýlsvarp tekur fram að fýllinn sé nýkominn.

Stærstu fýlabyggðir nútímans eru í risastórum björgum sem oft eru hátt í fjöllum og vita mót opnu hafi og himni. Oft er engin mannabyggð í grenndinni. Þessir staðir hafa trúlega lítið verið nytjaðir fyrir á tímum vegna þess hve erfiðir þeir voru til sóknar. Könnun okkar sýnir reyndar að fyrri heimildir um fýl í mörgum stærstu byggðunum eru afar takmarkaðar. Ýmsar slíkar byggðir sjást lítið tilsýndar af jörðu niðri nema í sterkum sjónaukum.

Óþarft er að gera ráð fyrir að Grímsey hafi verið eina eða stærsta fýlabyggðin á Íslandi á 18. öld. Hugmyndir James Fishers (1952) og heimildarmanna hans eru bjagaðar vegna þess að upplýsingar um fýlsvarp byggðust á nytjum. Flestir höfundar virðast gera ráð fyrir því að nytjar á fýl og aðrar sjófuglanytjar hafi tengst varpstöðunum, enda bjargsig glæsileg og þjóðleg íþrótt, en rétt er að minna á að slíkar nytjar hafa einnig verið stundaðar á sjó. Fýllinn er aðgangsfrekur í slógi frá fiskibátum og hefur verið töluvert veiddur við þær aðstæður (Lúðvík Kristjánsson 1986:234-236).

Grímsey og Vestmannaeyjar virðast vera einu varpstaðirnir þar sem fýllinn var nytjaður að einhverju ráði um aldamótin 1800. Flestar aðrar fýlabyggðir voru (og eru) á afskekktum stöðum þar sem mannabyggð var lítil sem engin. Grímsey var vissulega þekkt af því að fýll var nytjaður þar - en Grímseyjarbjörg eru tiltölulega auðklifin, flest lægri en 100 m, og bjargnytjar þar voru snemma vel þekktar. Þetta er ekki hægt að segja um vestfirsku björgin, sem eru mörg miklu stærri, en um þau er heimildaskortur. Einnig verður að gera þann fyrirvara að heldri menn á 18. öld, sem söfnuðu upplýsingum og skráðu nytjarnar, hafi fengið réttar upplýsingar og gert sér grein fyrir skekkjuvöldum, svo sem af völdum líkleggrar tilhneigingar

5. mynd. Geirólfsnúpur (um 330m) á Ströndum, loftsflyg 12.6.2014. Hluti fýlabýggðar norðan í efstu eggjum. – Geirólfsnúpur (about 330 m a.s.l.) 12 June 2014. Small part of Fulmar colony at north side of the top crag. – Arnþór Garðarsson.



ábúenda til að gera lítið úr tekjum sínum, auk þess sem hvergi er getið nytja blásnauðra kotunga og förumanna.

Eins og kunnugt er, fjölgaði fýl hratt hér á landi og á Bretlandseyjum eftir 1820 og hann nam síðan land í Færeyjum og í litlum mæli á meginlandi Evrópu. Þeir Bjarni Sæmundsson (1934, 1936) og Fisher (1952) hölluðust að því að aukinn veiðiskapur, fyrst hvalveiðar og síðar fiskveiðar, hafi orsakað fjölgun fýlsins með því að leggja til úrgang og bæta þannig fæðuskilyrðin. Nýrri rannsóknir við Skotland benda hins vegar til þess að fæða fýlsins sé að miklu leyti náttúruleg (Furness & Todd 1984). Fiskúrgangur var þó einnig mikilvægur á þessum slóðum (Hamer o.fl. 1997). Fisher hugsaði sér auk þess að Grímsey og St. Kilda eyjaklasinn væru eins konar upprunastaðir fýlsins í NA-Atlantshafi og hafa margir höfundar gengið út frá sömu forsendu (sbr. Tasker 2004).

Framfarir í merkingum með staðsetningabúnaði (GPS) og dægurritum (geolocators) sýna að fýlar eru mjög víðförlir allan ársins hring og geta farið þvert yfir Atlantshafið, jafnvel á varptíma, enda þótt flestar slíkar ferðir séu mun styttri. Til dæmis fór merktur karlfýll vorið 2012 af varpstað á Orkneyjum alla leið út á Miðatlantshafshrygginn, um 2500 km vestar. Ferðalagið varð alls 6219 km, en það hófst að morgni 26. maí og því lauk 15 dögum síðar, að kvöldi 9. júní. Á tveimur árum hafði þessi sami fýll ferðast víða um N-Atlantshaf, einkum norður af Skotlandi, allt norður undir Jan Mayen, en einnig vestur fyrir Grænland (Edwards o.fl. 2013). Fýlar merktir hér á landi eru einnig miklir ferðalangar (Erpur Snær Hansen, pers. uppl.). Þessi háttur varpfuglanna, að geta aflað fæðu á mjög víðfednum hafsvæðum, er í samræmi við útbreiðslu þeirra hér á landi, öryggi varpstaðarins virðist að mestu stjórna því hvar fýllinn kys að setjast að. Fjarlægð frá miðunum virðist ekki vera úrslitaatriði.

Talningar í björgum voru lítt stundaðar fyrr en á allra síðustu áratugum en þær hafa leitt í ljós mikinn breytileika frá ári til árs. Sérstaklega er athyglisvert að fækkað hefur í fýlabýggðum á síðustu árum bæði hér á landi og í Skotlandi (Tasker 2004, Arnþór Garðarsson o.fl. 2011). Sú fækkun gæti stafað af minna fæðuframboði. Magn og gæði

fæðunnar eru yfirleitt sá þáttur sem takmarkar stofnstærð dýra til lengdar. Langtíma umhverfisbreytingar koma þó einnig til, eins og til dæmis af völdum loftslagsbreytinga og ofnýtingar af manna völdum. Skyndileg áföll, svo sem vegna veðra eða eldvirkni geta einnig valdið miklum búsifjum og fækkun.

Um miðja síðustu öld virðast helstu fræðingar, þeir sem kunnugir voru yfirstandandi fjölgun og aukinni útbreiðslu fýlsins, lítt hafa hugleitt að þar gæti verið um að ræða endurkomu stofns sem áður hafði haft mun meiri útbreiðslu í NV-Evrópu. Beinafundir fornleifafræðinga á síðari árum eru hins vegar til vitnis um að fýllinn var mun útbreiddari á forsögulegum tíma á Bretlandseyjum (Yalden & Albarella 2009) og hér á landi (t.d. McGovern o.fl. 2006).

ÞAKKIR

Lokaþáttur þessarar rannsóknar var styrktur af Veiðikortasjóði umhverfisráðuneytisins. Á undan var langur aðdragandi af könnunum sem voru einkum styrktar af Rannís og Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Úlfar Henningsson annaðist flugstjórn við myndatöku. Eftirtalin aðstoðuðu við öflun og túlkun upplýsinga: Anette Theresia Meier, Björn Hjaltason, Borgþór Magnússon, Erpur Snær Hansen, Halldór Bergsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Skarphéðinn G. Þórisson, Svenja N.V. Auhage, Þorsteinn Þorsteinsson, Þorvaldur Þór Björnsson. Svenja Auhage teiknaði auk þess útbreiðslukort.

HEIMILDIR

- Aðalsteinn Örn Snæþórsson 2011. Saga og útbreiðsla fýls í Jökuls-árgljúfrum. – Bliki 31: 11-14.
- Árni Magnússon & Páll Vídalín 1938. Jarðabók. 6. bindi. – Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn. 424 bls.
- Árni Magnússon & Páll Vídalín 1943. Jarðabók. 10. bindi. – Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn. 343 bls.
- Arnþór Garðarsson 1984. Fuglabjörg Suðurkjálkans. – Bls. 127-160 í Árbók Ferðafélags Íslands 1984. Reykjanesskagi vestan Selvogsgötu.
- Arnþór Garðarsson 1995. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum. – Bliki 16: 47-65.
- Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson & Kristján Lillien-dahl 2011. Fýlabýggðir fyrr og nú. – Bliki 31: 1-10.
- Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson & Kristján Lillien-dahl 2019. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum 2006-2008. – Bliki 33: 35-46.
- Bjarni Sæmundsson 1934. Zoologiske Meddelelser fra Island XVI. – Vidensk. Medd. fra Dansk Naturh. Foren. 97: 25-86.

Bjarni Sæmundsson 1936. Fuglarnir. Íslensk dýr III. – Bókaverslun Sigfúsar Eymundssonar, Reykjavík. 699 bls.

Borgþór Magnússon 2008. Fyllinn í Rangárvallasýslu. – Heima er bezt 58: 303-311.

Borgþór Magnússon 2016. Á fýlaslóðum í Rangárfingi 2015. – Erindi flutt á Hrafnapingi Náttúrufræðistofnunar Íslands 17. febrúar 2016. <http://www.ni.is/greinar/17-februar-2016-borgthor-magnusson-afylaslodum-i-rangarthingi-2015>

Bornaechea, Pablo Giménez & Arnþór Garðarsson 2006. Fuglabjörg á Snæfellsnesi árið 2005. – Bliki 27: 51-54.

Edwards, E.W.J., L.R. Quinn, E.D. Wakefield, P.I. Miller & P.M. Thompson 2013. Tracking a northern fulmar from a Scottish nesting site to the Charlie-Gibbs Fracture Zone: Evidence of linkage between coastal breeding seabirds and Mid-Atlantic Ridge feeding sites. – Deep-Sea Research II 98: 438-444.

Eggert Olafsen & Bjarne Povelsen 1772. Reise igiennem Island. Anden Deel. – Videnskabernes Selskab i København, Sorøe.

Faber, F. 1822. Prodromus der isländischen Ornithologie. – Kopenhagen. 110 bls.

Fisher, J. 1952. The Fulmar. – Collins, London. 496 bls.

Furness, R.W. & C.M. Todd 1984. Diet and feeding of fulmars *Fulmarus glacialis* during the breeding season: a comparison between St Kilda and Shetland. – Ibis 126: 379-387.

Hamer, K.C., D.R. Thompson & C.M. Gray 1997. Spatial variation in the feeding ecology, foraging ranges, and breeding energetics of northern fulmars in the north-east Atlantic Ocean. – ICES J. Mar. Sci. 54: 645-653.

Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 1995. Varpfuglar í Steingrímsfirði og nágrenni. Könnun 1987-1994. – Fjölrít Náttúrufræðistofnunar 28. 76 bls.

Kerr, K.C.R. & C.J. Dove 2013. Delimiting shades of gray: phylogeography of the Northern Fulmar, *Fulmarus glacialis*. – Ecology and Evolution 3: 1915-1930.

Kristbjörn Egilsson (ritstj.) 1986. Suðurnes. Náttúrufar, minjar og landnýting. – Staðarvalsnæfnd, Reykjavík. 82 bls.

Kristbjörn Egilsson (ritstj.) 1989. Náttúrufar á sunnanverðum Reykjaneskaga. – Samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum. 85 bls.

Lúðvík Kristjánsson 1986. Íslenzkir sjávarhættir V. – Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík. 498 bls.

Mallory, M.L., S.A. Hatch & D.N. Nettleship 2012. Northern Fulmar (*Fulmarus glacialis*), The Birds of North America Online (A. Poole, Ed.). Ithaca: Cornell Lab of Ornithology. Sótt úr Birds of North America Online. <http://bna.birds.cornell.edu/bnaproxy/birds.cornell.edu/bna/species/361>.

McGovern, T.H., S. Perdikaris, Árni Einarsson & J. Sidell 2006. Coastal connections, local fishing, and sustainable egg harvesting: patterns of Viking Age inland wild resource use in Mývatn district, Northern Iceland. – Environmental Archaeology 11: 187-205.

Mohr, N. 1786. Forsøg til en Islandsk Naturhistorie. – København. 413 bls.

Ólafur Olavius 1780. Oeconomisk Reise igiennem de nordvestlige, nordlige og nordostlige Kanter af Island. – København.

Tasker, M.L. 2004. Northern Fulmar *Fulmarus glacialis*. – Bls. 49-62 í P.I. Mitchell, S.E. Newton, N. Ratcliffe & T.E. Dunn (ritstj.) Seabird populations of Britain and Ireland. T & AD Poyser, London.

Thienemann, F.A.L. 1824. Reise im Norden Europa's vorzüglich in Island in den Jahren 1820 bis 1821. – Carl Heinrich Reklam, Leipzig.

Yalden, D.W. & U. Albarella 2009. The history of British birds. – Oxford University Press, Oxford. 263 bls.

Ævar Petersen 1989. Náttúrufar í Breiðafjarðareyjum. – Bls. 17-52 í Árbók Ferðafélags Íslands 1989. Breiðafjarðareyjar.

Ævar Petersen 2005. Melrakkaey í Grundarfirði. Náttúrufar og nytjar, einkum fuglar. Bls. 9-69 í Fólkið, fjöllin, fjörðurinn. Safn til sögu Eyarsveitar 6. – Eyrbýggjar - Hollvínasamtök Grundarfjarðar.

SUMMARY

Krossnefur *Loxia curvirostra* (945,3178,-) Evrópa, Asía og N-Ameríka. – Annað slagíð koma krossnefir í stórum hópum síðsumars og hugsanlegt er að fáeinir hafi komið í sumar, sbr. sex fugla í Pistilfirði í byrjun júlí. Þriðja árið í röð var varp staðfest, að þessu sinni í Grímsnesi en ekki er útilokað að þeir hafi einnig orpið við Laugarvatn og í Heiðmörk auk þess sem fuglar sáust mun víðar í barrskógum landsins. Sökum þess að fuglar eru farnir að ílengjast meir og meir í kjölfar stórra ára og að lítill varpstofn virðist vera í mótun er orðið erfitt að leggja mat á hvaða fuglar eru nýir og gamlir.

Árn: Snæfokksstaðir í Grímsnesi, sáust allt árið, mest ellefu fullu 22.2. á fyrrihluta árs og átján 4.11. á seinni hluta árs. Tvö pör komu upp ungum, annað með hreiður 22.2. og loks þrjá nærri fleyga unga 28.3. og hitt með tvo unga 26.-27.6. □ (ÖÖ ofl), sjá einnig grein í Fuglar 7: 12-15. – Selfoss, þrír ♂ 16.2., níu 10.3. (ÖÖ). – Laugarvatn, par 29.5. (ÖÖ), fjórir 19.8. (ÖÖ), par af ♀ og ungf. – Álfavatn í Grímsnesi, tveir nýfleygir ungf 17.6. (Friðrik D. Arnarson ofl). – Vatnsvík í Þingvallasveit, sjö 28.7. □ (IAS). – Þrastaskógur í Grímsnesi, þrír 17.8.,



20. mynd. Krúnuskríkja *Dendroica coronata*, Þorlákshöfn, 6. október 2010. – Sindri Skúlason.

24.8., þrír 19.9., tveir 2.10. (ÖÖ).

Borg: Stálpastaðir í Skorradal, sjö 2.2. (Hannes Þ. Hafsteinsson, SBj), fjórir 19.6. (ÖÖ). – Hvammur í Skorradal, átján 21.2. (HHd, JÓH). – Botnsdalur á Hvalfjarðarströnd, fimm 18.3. (BH).

Eyf: Laugaland á Pelamörk, ♀ 2.1. □ (Eyþór I. Jónsson), þrír ♂ og tveir ♀ 3.1. (Eyþór I. Jónsson, GH, Pétur Halldórsson, YK). – Akureyri, 6.4., þrír ♂ og ♀ 16.5. (Snævarr Ö. Georgsson), tveir ♂ 21.5. (Sverrir Thorstensen ofl), par 23.5. (Snævarr Ö. Georgsson).

Gull: Höfðaskógur í Hafnarfirði, sjö 8.1., ellefu 15.1., fimm 7.2., þrír 11.2., tveir 3.3., tveir 10.5., tveir 13.6., 14.6. (SBj ofl), tíu 22.11. (BA). – Kiðafell í Kjós, um tíu 11.2., tveir 8.3. (BH).

N-Múl: Fellabær, fimm 16.3. (HWS).

S-Múl: Hallormsstaður, tólf 20.1. (SBj ofl). – Egilsstaðir, tveir 28.4. (HWS), 40 fuglar 4.11. (Þórhallur Borgarsson).

Mýr: Svignaskarð í Borgarhreppi, fimm fulla og sjö ungf 9.2. □ (CP), ♂ og ♀ 3.7., ♂ 21.7. (James Lidster, YK ofl). – Jafnaskarð í Stafholtstungum, tveir 22.7. (Kristinn H. Skarphéðinsson).

Rang: Tumastaðir í Fljótshlíð, 15-20 fuglar frá 2009 til 6.1., tíu 2.2., fimm 30.3., sjö 13.4. □ (HÓ ofl), fimm 12.7. (HÓ), tveir 23.10., 17.11. (HÓ).

Rvík: Heiðmörk, allt að átta sáust í jan, júní, ágúst, sept og okt (HaB), tuttugu 4.-11.12. □, ♂, þrír ♀ og ungf 13.12. (SÁ ofl), 29 fuglar 29.12. □, sautján 31.12. (CP). – Kirkjugarðurinn í Fossvogi, ♂ og fjórir ♀ 20.3. □, ♂ 16.4. (SÁ ofl). – Hamrahlíð, sex 10.10. □ (CP). – Búðargerði, ♂ fd 11.10. □ (Steinbjörn Björnsson).

A-Skaft: Stafafell í Lóni, 8.10. □ (GPH, GP, ÓR, SÁ ofl).

V-Skaft: Kirkjubæjarklaustur, 11.7. (Ólafur Einarsson).

Skag: Varmahlíð, tveir 16.2. □ (Rúnar Ísleifsson).

N-Þing: Garður í Pistillfirði, sex 9.7. (Svala Björgvinsdóttir).

S-Þing: Laugaból í Reykjadal, 13.1. (GH, YK), sex 2.6. (GH). – Hólmur í Mývatnssveit, ♂ 12.6. (Mark Finn, YK ofl).

2001: Snæf: Stykkishólmur, 35 fuglar 27.7.2001, átta 8.10.2001 (Edward S. Brinkley).

2008: Ár: Álfavatn í Grímsnesi, ♂ 24.2.2008 □ (Jón Tryggvason).

2009: A-Skaft: Breiðamerkursandur í Öraefum, fd í skúmsælu 30.6.2009 □ (Ellen Magnúsdóttir).

Rósafinka *Carpodacus erythrinus* (13,79,22)

NA-Evrópa og miðbik Asíu til Kyrrahafs. – Rósafinkur finnst aðallega á haustin en stöku sinnum í maí og júní. Eins og með grænsöngvara og grágrip þetta haustið sást nú metfjöldi rósafinka. Aður höfðu mest sést tólf fuglar (2004).

Gull: Vogar, syngjandi ársгамall ♂ 7.-25.6. □ (Eric dos Santos ofl).

S-Múl: Þvottá í Álfafirði, ungf 11.9. (GP, SÁ, YK). – Fossgærði í Berufirði, ungf 12.9. (GP, SÁ, YK). – Krossgærði í Berufirði, ungf 12.9. □ (GP, SÁ, YK). – Breiðdalsvík, 3.10. □ (BB). – Askur við Djúpavog, tveir ungf 4.10. (GH, YK). –



21. mynd. Sportittlingur *Calcarius lapponicus*, ungfugl, Garðskagi, 5. september 2010. – Sindri Skúlason.

Karlsstaðir í Berufirði, 9.10. (GPH, GP, ÓR, SÁ).

Rang: Seljaland undir Eyjafjöllum, ungf 9.9. (YK).

A-Skaft: Jaðar í Suðursveit, tvær 10.-11.9. (BA), ungf 3.10. □ (BA, GH, YK). – Horn í Nesjum, ungf 3.10. (GH, YK). – Skálafell í Suðursveit, ungf 3.10. □ (BA, GH, YK). – Stafafell í Lóni, þrír ungf 8.10. □ (GPH, GP, ÓR, SÁ ofl).

Vestm: Nýja hraun á Heimaey, ungf 4.9. □, 13.9. □ (IAS). – Vestmannaeyjabær, ungf 5.9. □ (IAS ofl), ekki sama og í Nýja hrauni, 28.9. □ (IAS). – Ofanleiti á Heimaey, 13.-14.9. □ (IAS ofl).

Dómpápi *Pyrrhula pyrrhula* (21,169,1)
Evrópa og Asía. – Dómpápar eru alls ekki

árlegir, en stundum koma allmargir í einu, svo sem veturinn 1994-1995 og haustið 2004. Sást síðast 2006.

S-Þing: Laxamýri í Reykjahverfi, ♂ 3.11. (Atli Vigfússon).

Krúnuskríkja *Dendroica coronata* (4,11,1)
Austanverð N-Ameríka. – Krúnuskríkja er algengasta skríkjan sem finnst hér og sést nú annað árið í röð.

Árn: Þorlákshöfn, 4.-9.10. □ (JÓH ofl), 20. mynd.

Grímuskríkja *Geothlypis trichas* (0,1,1)
N- og Mið Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækingur sem sást fyrst árið 1997.



22. mynd. Gultittlingur *Emberiza citrinella*, karlfugl, Kópasker, 6. nóvember 2010. – Yann Kolbeinsson.



23. mynd. Dvergtittlingur *Emberiza pusilla*, Nýja hraun á Heimaey, 3. október 2010. – Ingvar A. Sigurðsson.

Vestm: Nýja hraun á Heimaey, ungur ♂ 30.9.-5.10. □ (IAS ofl).

Sporttittlingur *Calcarius lapponicus* (109,257,220)

Skandinavía, Íshafslönd Asíu og Ameríku, V- og SA-Grænland. Reglulegur fargestur hér á landi, sem hefur orpið, á leið sinni milli Grænlands og Evrópu. – Þetta er langstærsta ganga sem sést hefur hérlandis, mesti fjöldi áður var 47 fuglar árið 1989. Þessi ganga markaði upphafið af metfjölda í NV-Evrópu síðar um haustið. Ekki er ólíklegt að fjöldinn hér hafi í raun verið meiri en hér er einungis miðað við mesta fjölda á hverjum stað hverju sinni nema upplýsingar hafi bent til annars.

Gull: Garður og nágr, 29 fuglar 5.9., 21. mynd, 7.9. (YK ofl), sex 8.9. (ÖR), þrettán 9.9., sex 10.9. □, fimm 12.9. (YK ofl), þrír 17.10. (EBR ofl). – *Seltjörn á Seltjarnarnesi*, níu 5.9. (EBR), fjórir 6.9. (Kristinn H. Skarphéðinsson). – *Hvalsnes á Miðnesi*, sjö 9.9. (SÁ, YK). – *Sandgerði*, tíu 9.9. □ (GP, SÁ, YK). – *Þóróddsstaðir á Miðnesi*, 6.11. □ (GP, GP, ÖR, SÁ).

A-Skaft: Höfn, sex 6.10. (BA).

Vestm: Surtsey, tveir 19.8. □, 20.8. (IAS). – *Heimaey*, átján 26.8., tuttugu 27.8., 26 fuglar 29.-30.8., amk 130 fuglar 31.8.-5.9., tugir fugla sáust dagana á eftir, um 60 fuglar 12.-13.9., 68 fuglar 14.9., 96 fuglar 15.9., sjö 16.9., fimm 17.9., sex 18.9., fjórir 19.9. □ (IAS ofl). – *Nýja hraun á Heimaey*, fimm 30.9. (IAS). – *Klauf á Heimaey*, 3.-6.10. □ (IAS ofl).

Gultittlingur *Emberiza citrinella* (6,8,1) Evrópa og miðbik Asíu til Kyrrahafs. – Sjaldgæfur flækingur sem sást síðast 2006. **N-Ping:** Kópasker, ♂ 5.-6.11. □ (GÖB ofl), 22. mynd.

Dvergtittlingur *Emberiza pusilla* (1,6,1) NA-Skandinavía, N-Asía til Kyrrahafs. – Mjög sjaldséður hér á landi og sást síðast 2003. Þetta er í annað sinn sem hann sést í Vestmannaeyjum.

Vestm: Nýja hraun á Heimaey, 3.10. □ (IAS), 23. mynd.

D-tegundir – D-category species

Taumgæs *Anser indicus* (3,11,1)

Mið-Asía. – Taumgæsir sem hingað koma eru nær örugglega ættaðar úr andagörðum í V-Evrópu. Taumgæs sást síðast 2002.

N-Múl: Ekra í Hjaltastaðapinghá, 24.5. □ (HWS).

Tyrkjadúfa *Streptopelia decaocto* (0,0,1) Evrópa og N-Afríka til SA-Asíu. – Tyrkjadúfur flækjast reglulega hingað en til 2009 höfðu fundist 47 fuglar. Þetta er þó í fyrsta sinn sem fréttist af fugli sem kom á skip utan landhelgi og fylgdi því langleiðina til lands.

Á sjó: Út af Reykjanesskaga, byrjun júlí □ (Christoph Zockler), kom á skip út af Orkneyjum í Skotlandi 2.7. og virðist hafa farið í land þegar siglt var umhverfis Reykjanesskagann fáeinum dögum síðar.

Leiðréttingar – Corrections

Hnúðsvanur *Cygnus olor*

Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslum 1997, 2000, 2001 og 2003 (Bliki 21:38, 24:28-29, 25:27 & 27:29). – *Following returning bird was observed longer than mentioned in the 1997, 2000, 2001 and 2003 reports (Bliki 21:38, 24:28-29, 25:27 & 27:29).*

1997: N-Ping: Skjálftavatn í Kelduhverfi, fullu ♂ 31.3., 11.7., 2.8., 2.-15.11. (GH ofl).

2000: N-Ping: Skjálftavatn í Kelduhverfi, fullu ♂ 3.-4.6., 31.8., 26.10. og 4.11. (GPH, HG, YK ofl).

2001: N-Ping: Skjálftavatn í Kelduhverfi, fullu ♂ 4.-10.5. (AÖS ofl), fullu ♂ 13.6.-20.9. (GH ofl).

2003: S-Ping: Skjálftavatn í Kelduhverfi, fullu ♂ 11.-15.3. (GH, Sigurður Gunnarsson).

Kanadagæs *Branta canadensis*

Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 2005 (Bliki 29:25). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 2005 report (Bliki 29:25).*

2005: N-Ísf: Syðradalsvatn í Bolungarvík, fjórtán 25.-26.5. □ (BP).

Taumönd *Anas querquedula*

Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 2009 (Bliki 32:40). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 2009 report (Bliki 32:40).*

2009: Rvík: Tjörnin, ♂ 18.5.-1.6. □ (Guðmundur S. Gunnarsson ofl).

Hringönd *Aythya collaris*

Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 2007 (Bliki 31:46). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 2007 report (Bliki 31:46).*

2007: Rvík: Elliðavatn og nágr, ♂ 29.12.2006 til 9.3. □ (GP ofl).

Korpönd *Melanitta fusca*

Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 1985 (Bliki 6:42). – *Following bird*

was observed longer than mentioned in the 1985 report (Bliki 6:42).

1985: N-Ping: Lón í Kelduhverfi, ♂ 8.10. og 21.10. (GH, Sigurður Gunnarsson).

Austræn kolönd

Melanitta deglandi stejnegeri

Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 2003 (Bliki 27:31). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 2003 report (Bliki 27:31).*

2003: N-Ping: Valbjófsstaðir í Núpasveit, fullu ♂ 6.4.-6.5.2003 □ (GÖB ofl), undirtegundin *stejnegeri*.

Hjálmönd *Bucephala albeola*

Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 1988 (Bliki 10:24). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 1988 report (Bliki 10:24).*

1988: S-Ping: Mývatn, árgamall ♂ 1.7. og 11.-14.8. við Vindbelg (Steinar Eldøy, Sten Asbirk ofl).

Toppgoði *Podiceps cristatus*

Eftirfarandi fugl var rangt dagsettur í skýrslu 1995 (Bliki 18:28). – *Following bird was with incorrect date in the 1995 report (Bliki 18:28).*

1995: N-Ping: Víkingavatn í Kelduhverfi, 28.10. (GH).

Flatnefur *Platalea leucorodia*

Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 2008 (Bliki 32:17). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 2008 report (Bliki 32:17).*

2008: Gull: Sandgerði, tveir ungf 24.10.-30.10. □, annar sást til 1.12. (Andrzej Boguniecki ofl).

Keldusvín *Rallus aquaticus*

Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 2002 (Bliki 26:29). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 2002 report (Bliki 26:29).*

2002: S-Ping: Kaldbakur við Húsavík, slóðir sáust 26.1., 10.-12.2. (GH ofl).

Vepja *Vanellus vanellus*

Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 1984 (Bliki 5:29). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 1984 report (Bliki 5:29).*

1984: S-Ping: Húsavík, 26.1.-1.2. (Aðalgeir Þórgímsson, Gunnar Guðmundsson, Sigurður Gunnarsson ofl).

Dvergmáfur *Hydrocoloeus minutus*

Eftirfarandi fugl var rangt dagsettur í skýrslu 2000 (Bliki 24:38). – *Following bird was with incorrect date in the 2000 report (Bliki 24:38).*

2000: S-Ping: Húsavík, ungf 4.10. (GH).

Ísmáfur *Pagophila eburnea*

Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 2008 (Bliki 32:20). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 2008 report (Bliki 32:20).*

2008: S-Múl: Djúpvogur, á 1. vetri 21.-22.3. □ (BA ofl).

Silkítoppa *Bombycilla garrulus*
Eftirfarandi fugl var rangt dagsettur í skýrslu 2004 (Bliki 28:39-40). – *Following bird was with incorrect date in the 2004 report (Bliki 28:39-40).*
2004: N-Ping: Raufarhöfn, 29.9. (GH).

Silkítoppa *Bombycilla garrulus*
Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 2009 (Bliki 32:48). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 2008 report (Bliki 32:48).*
2009: S-Ping: Húsavík, fimm frá 20.11.2008, átta 8.2.-13.4., sex 14.4., fimm til 16.4., 17.4. (GH ofl).

Silkítoppa *Bombycilla garrulus*
Í skýrslu 2009 var ranglega sagt að þrír fuglar hefðu sést til 12.4.2010 (Bliki 32:48). Það er hér með leiðrétt. – *The 2009 report wrongly stated that three birds remained until 12.4.2010 (Bliki 32:48). It is hereby corrected.*
2009-2010: S-Ping: Húsavík, þrjár 28.-30.10.2009, fimm 31.10.2009-27.11.2009, fjórar til 3.12.2009, tvær til 12.4.2010 □ (GH, MHö, YK ofl).

Glóbrystingur *Erithacus rubecula*
Aðeins var getið eins fugls í skýrslu 2006 (Bliki 30:40). – *Just one bird was mentioned in the 2006 report (Bliki 30:40).*
2006: S-Múl: Djúpvogur, tveir 15.10. (GH).

Glóbrystingur *Erithacus rubecula*
Einn eftirfarandi fugla sást lengur en getið er í skýrslu 2008 (Bliki 32:23-24). – *One of the following birds was observed longer than mentioned in the 2008 report (Bliki 32:23-24).*
2008: S-Ping: Húsavík, 27.9. til 2009, annar að auki 2.11. til 2009, þriðji að auki 28.11. til 2009 □ (GH).

Flekkugrípur *Ficedula hypoleuca*
Eftirfarandi fuglar voru rangt dagsettir í

skýrslu 2008 (Bliki 32:26). – *Following birds were with incorrect date in the 2008 report (Bliki 32:26).*
2008: Vestm: Breiðibakki á Heimaey, 11.9.2008 (IAS). – *Vík á Heimaey, 11.9.2008 (IAS).* – Vestmannaeyjabær, tveir 12.9.2008 □ (IAS).

Bókfinka *Fringilla coelebs*
Aðeins var getið tveggja fugla í apríl 2001 í skýrslu 2001 (Bliki 25:43). – *Just two birds were mentioned in April 2001 in the 2001 report (Bliki 25:43).*
2001: S-Ping: Húsavík, þrjár 8.4. (GH).

Fjallafinka *Fringilla montifringilla*
Eftirfarandi fugl sást lengur en getið er í skýrslu 2001 (Bliki 25:43). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 2001 report (Bliki 25:43).*
2001: Rang: Seljaland undir Eyjafjöllum, fimm 30.9., þrjár 1.-7.10., fjórar 16.10. (HÖ ofl).

Barrfinka *Carduelis spinus*
Einn fugl sást lengur en getið er í skýrslu 2008 (Bliki 32:27). – *Following bird was observed longer than mentioned in the 2008 report (Bliki 32:27).*
2008: Rvík: Elliðaárdalur, tvær 12.5., 21.5. □ (CP ofl).

Athuganir sem ekki eru samþykktar – List of rejected reports

Eftirfarandi athuganir voru ekki samþykktar af Flætingsfuglanefnd. Ef ekki er annað tekið fram er það vegna þess að lýsing og eða ljósmyndir hafa ekki verið fullnægjandi. – *The following reports were not accepted by the Icelandic Rarities Committee. Most were rejected because the identification was not fully established.*
2010:
Taumgæs *Anser indicus:* Hesteyrar í Eiðapínghá, S-Múl, 22.6. **Vestræn margæs** *Branta bernicla nigricans:* Akranes, Borg, 3.-6.5. –

Fjöldi fuglategunda í árslok 2010 The Icelandic list at end of 2010

Flokkur A – Category A :	367
Flokkur B – Category B :	8
Flokkur C – Category C :	2
Samtals – Total :	377
Flokkur D – Category D :	2
Flokkur E – Category E :	2

Kolgrafir í Eyrarsveit, Snæf, 13.5. **Kynblendur hringandar og skúfandar** *Aythya collaris* x *A. fuligula:* Elliðaárdalur, Rvík, ♀ 19.3. **Korpönd** *Melanitta fusca:* Þvottáskriður við Álftafjörð, S-Múl, ♂ 18.6. **Bláheidið** *Circus cyaneus:* Hveragerði, Árn, ♂ 22.5. □, ljósmyndir sýna að ekki er um heiði *Circus* sp. að ræða. **Keldusvín** *Rallus aquaticus:* Borgarfjörður, N-Múl, 1.2. **Grátrana** *Grus grus:* Ormarsstaðir í Fellum, N-Múl, tvær 21.7. – Vallanes á Völlum, S-Múl, tvær í lok apríl, 8.6. – Straumnes, Skag, 6.7. **Spóatíta** *Calidris ferruginea,* Höfn, A-Skaft, ungf 15.10. **Kolþerna** *Chlidonias niger:* Vík, V-Skaft, 8.6. **Þernumáfur** *Xema sabini:* Stokkseyri, Árn, fulla 7.8. – Seltjarnarnes, Gull, árgamall 2.5. – Húsey í Hróarstungu, N-Múl, 27.2. **Hringmáfur** *Larus delawarensis:* Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, Gull, fulla 30.9. **Strandmáfur** *Larus smithsonianus:* Sandgerði, Gull, á 2. vetri 1.-2.4. □. – Höfn, A-Skaft, á 1. vetri 23.2. □, á 3. vetri 6.9. □, ungf 13.10. □. **Eyrugla** *Asio otus:* Svínafell í Örafum, A-Skaft, um mánaðamótin júlí/ágúst. **Trjátittlingur** *Anthus trivialis:* Höfn, A-Skaft, 6.10. **Mánaþröstur** *Turdus torquatus:* Egilsstaðir, S-Múl, 5.3. **Hrímtittlingur** *Carduelis hornemanni:* Akureyri, Eyf, 3.1. – Siglufjörður, Eyf, 22.4. □. – Laugaból í Mosfellssveit, Gull, tveir 16.3. □, 25.3., tveir 25.4. □. – Kirkjugarðurinn í Fossvogi, Rvík, 25.3. □, tveir 17.4. □. – Bjarnanes í Nesjum, A-Skaft, 8.4. – Höfn, A-Skaft, tveir 27.12. – Húsavík, S-Ping, 26.3. og 9.-10.4. **Dultittlingur** *Emberiza hortulana:* Höfn, A-Skaft, 13.10.

ATHUGENDUR – OBSERVERS

Aðalgeir Þorgrímsson, Aðalsteinn Ö. Snæþórsson (AÖS), Albert Jensson, Alex M. Guðrðarson (AMG), Andrés Skúlason, Andrzej Boguniecki, Arnín Óladóttir, Arnór Þ. Sigfússon, Arnþór Garðarsson, Atli Vigfússon, Auður Eiríksdóttir, Árni Einarsson, Árný Herbertsdóttir, Ásgrímur Jósefsson. **Barði** Ingibjartsson, Barry Scampion, Birkir Fannal, Bjarnheiður Magnúsdóttir, Bjarni Össurarson, Björgvin Sigurbjörgsson, Björn Arnarson (BA), Björn Hjaltason (BH), Björn Í. Karlsson, Brynjúlfur Brynjólfsson (BB), Böðvar Þórisson (BP). Carl Mitchell, Carlo Vanderydt, Christoph Zockler, Christophe Pampoulie (CP), Clifford Smout, Cornelius Schlawe, Cristian Gallo. **Danél** Bergmann, Dave Green, David Lindo, David Walker, Dóri Höskuldsson. Edward Barry Rickson (EBR), Edward S. Brinkley, Einar Jóelsson, Einar Ó. Þorleifsson, Elínborg Valsdóttir, Ellen Magnúsdóttir, Emilía Baldursdóttir, Eric dos Santos, Erpur S. Hansen, Ester R. Unnsteinsdóttir, Eyjólfur Vilbergsson (EV), Eyþór I. Jónsson. Felicity Bullock, Finnþjórn Bjarnason, Finnur L. Jóhannsson, Friðrik D. Arnarson. **Gaukur** Hjartarson (GH), Gerhard Ó. Guðnason, Gill Hollamby, Gísli B. Ómarsson, Gréta D. Þórðardóttir, Guðbjörg Á. Ólafsdóttir, Guðbrandur Sverrisson, Guðjón Gamalielsson, Guðmundur A. Guðmundsson (GAG), Guðmundur I. Guðbrandsson, Guðmundur Magnússon, Guðmundur S. Gunnarsson, Guðmundur Ö. Benediktsson

(GÖB), Guðni Sigmundsson, Guðný Eiríksdóttir, Guðrún Jóhannsdóttir, Guðrún S. Kristinsdóttir, Gunnar Guðmundsson, Gunnar Þ. Hallgrímsson (GPH), Gunnlaugur Pétursson (GP), Gunnlaugur Þráinsson (GP), Guða Henningsdóttir. **H.** Fischer, Hafdís Roysdóttir, Hafsteinn Björgvinsson (HaB), Halla Hreggviðsdóttir (HHd), Halldór W. Stefánsson (HWS), Hallgrímur Gunnarsson (HG), Hannes Þ. Hafsteinsson, Haraldur Ólason, Hálfán Björnsson, Hávarður B. Sigurðsson, Helga Árnadóttir, Helga Guðmundsdóttir, Helga Þorbergsdóttir, Helgi Guðmundsson, Henrik Salomonsen, Herdís Kristjánsdóttir, Hilmar Eyjólfsson, Hilmar J. Malmquist, Hlynur Óskarsson (HIÖ), Hrafn Óskarsson (HÓ), Hrafn Svavarsson (HS), Hreggviður Þorgeirsson. **Ingvar** A. Sigurðsson (IAS), Isabelle Caugant. James Lidster, Jean Broadhvest, Jóhann Óli Hilmarrson (JÖH), Jóhann Þorsteinsson, Jón Á. Jónsson, Jón Fornason, Jón I. Sigurbjörnsson, Jón Jónsson, Jón Sólmundsson, Jón Tryggvason. **Katrín** Eymundsdóttir, Kristinn H. Skarphéðinsson, Kristín Bernhöft. **Laufey** Guðmundsdóttir, Lára Guðmundsdóttir, Loes C. Van't Hof. **Magnús** Ó. Hansson, Mark Finn, Martin J. McGill, Már Höskuldsson (MHÖ), Michael Bullock. **Nökkvi** F. Flosason. **Olli** Loisa, Ólafur Bernóðsson, Ólafur Einarsson, Ólafur K. Nielsen, Ómar Runólfsson (ÓR). **Pam** Stafford, Paul van der Poel, Páll Baldursson, Páll H. Benediktsson, Páll Imsland, Pen Green, Peter Adriaens (PA), Peter Burness, Petrína Sigurðardóttir,

Pétur Halldórsson. Rannveig Thoroddsen, Reynir Pétursson, Ríkarður Ríkarðsson, Robert J. Dusek, Roger Holmberg, Róbert A. Stefánsson, Runólfur Guðmundsson, Russell F. Spencer, Ruth Zolen, Ruud van Beusukom, Rúna S. Ásgrímsdóttir, Rúnar Eiríksson, Rúnar Hauksson, Rúnar Ísleifsson. Sigmundur Ásgeirsson (SÁ), Sigmundur Þórðarson, Sigríður S. Jónsdóttir, Sigrún I. Sigurgeirsdóttir, Sigrún Ingólfssdóttir, Sigurður A. Sigurbjörnsson, Sigurður Gunnarsson, Sigurður O. Sigurðsson, Sigurður S. Baldvinsson, Sigurður Sigurðarson, Sigurður Ægisson (SÆ), Sigurjón Einarsson, Sigurlaug Óskarsdóttir, Skarphéðinn S. Jóhannsson, Skarphéðinn Þórisson, Skúli Sveinsson, Snorri Hafsteinsson, Snævarr Ö. Georgsson, Snæþór Aðalsteinsson (SnA), Sólveig Sigurðardóttir, Stefán Á. Ragnarsson, Stefán Guðmundsson, Steinar Björgvinsson (SBj), Steinar Eldøy, Steinbjörn Björnsson, Sten Asbirk, Steven Munday, Stijn Raymaekers, Svala Björgvinsdóttir, Svanur Jóhannesson, Sveinn Hreinsson, Sveinn Jónsson, Svenja N.V. Auhage (SNVA), Sverrir Thorstensen. Tómas G. Gunnarsson, Trausti Eyjólfsson. Uku Paal (UP). Valgeir Guðmundsson, Valtýr Bjarnason, Vílhjálmur Jónasson, Víðir Óskarsson. Yann Kolbeinnsson (YK). Þorgils Sigurðsson, Þorkell L. Þórarinnsson (PLP), Þorlákur S. Helgason, Þorlákur Sigurbjörnsson (ÞS), Þorsteinn Jónsson, Þóra E. Þórhallsdóttir, Þórdís V. Bragadóttir, Þórður Sigurðsson, Þórhallur Borgarsson, Þórir N. Kjartansson, Þórir Snorrason, Þórunn B. Pétursdóttir. Ævar Hauksson. Örn Óskarsson (ÖÖ).

PAKKIR

Ég vil þakka Guðmundi A. Guðmundssyni, Ingvari A. Sigurðssyni og Edward B. Rickson fyrir yfirllestur og góðar ábendingar. Auk þess öllum, sem lögðu til myndir í skýrsluna.

HEIMILDIR

AERC TAC 2014. AERC TAC's Taxonomic Recommendations. July 2015.

Online version: www.aerc.eu.

Yann Kolbeinnsson & Gunnlaugur Pétursson 2013. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2009. – Bliki 32: 37-56.

Örn Óskarsson 2010. Hreiður krossnefs finnst í Grímsnesi. – Fuglar 7: 12-15.

SUMMARY

Rare birds in Iceland in 2010

This is the 32nd report of rare birds in Iceland. Altogether 111 rare or vagrant bird species (or subspecies) were recorded in 2010 plus two D-category species. Furthermore, a few unreported observations from previous years are also included. Observations of Common Shelduck *Tadorna tadorna* and Goldcrest *Regulus regulus* will no longer be published from 2010 onwards.

Rare breeding birds: Northern Shoveler *Anas clypeata* was found nesting at four sites: at Seltjarnarnes (SW-Iceland), Staðarsveit (W-Iceland), in Kelduhverfi (NE-Iceland) and in Aðaldalur (NE-Iceland). Two pairs of Long-tailed Skuas *Stercorarius longicaudus* bred in Bárðardalur (NE-Iceland) where only one pair had been recorded in previous years. Little Gulls *Hydrocoloeus minutus* were seen at their breeding site in Mývatnssveit (NE-Iceland) but nesting was not confirmed. A pair of Snowy Owl *Bubo scandiacus* and a nest was found in NW-Iceland, but breeding was unsuccessful. It is likely that Common Wood Pigeons *Columba palumbus* raised young at Fljótshlíð (S-Iceland). A pair of Long-eared Owl *Asio otus* raised five young at Grímsnes (SW-Iceland). A few pairs of House Sparrow *Passer domesticus* still breed at a single farm in Örafi (SE-Iceland). Fledged Eurasian Siskins *Carduelis spinus* were seen at two localities in late summer, at Egilsstaðir (E-Iceland) and Fljótshlíð (S-Iceland). Red Crossbills *Loxia curvirostra* were confirmed breeding at Grímsnes (SW-Iceland), although birds were seen in several other suitable breeding sites as well. Eurasian Woodcocks *Scolopax rusticola* were seen in display flights in seven areas, two Common Chaffinches *Fringilla coelebs* were found singing at two localities and a first-year male Common Rosefinch *Carpodacus erythrinus* was singing at Vogar (SW-Iceland). Breeding was not confirmed in any of these cases.

Rare winter visitors and common vagrants: As usual all records of Grey Heron *Ardea cinerea*, King Eider *Somateria spectabilis*, Common Goldeneye *Bucephala clangula*, Bar-tailed Godwit *Limosa lapponica*

and Eurasian Curlew *Numenius arquata* are included in this report. These species are regular but rare winter visitors. While numbers of King Eiders were above average, Grey Herons, Bar-tailed Godwits and Eurasian Curlews were below average. Average numbers of Common Goldeneyes *Bucephala clangula* were seen. This was a record year for Eurasian Woodcock *Scolopax rusticola*, Bohemian Waxwing *Bombus garrulus*, Willow Warbler *Phylloscopus trochilus* and Lapland Longspur *Calcarius lapponicus*. Northern Lapwings *Vanellus vanellus*, Pomarine Skuas *Stercorarius pomarinus*, Long-tailed Skuas *Stercorarius longicaudus* and Barn Swallow *Hirundo rustica* were seen in unusually low numbers. However, Jack Snipes *Limnocryptes minimus*, Common Wood Pigeons *Columba palumbus*, Common House Martins *Delichon urbicum*, European Robins *Erithacus rubecula*, Song Thrushes *Turdus philomelos*, Common Chiffchaffs *Phylloscopus collybita* and Bramblings *Fringilla montifringilla* showed up in unusually high numbers.

New species: One new species was recorded in 2010: Wilson's Snipe *Gallinago delicata* on 13-17 June in Bárðardalur (NE-Iceland). American Herring Gull *Larus smithsonianus* has also been added to the Icelandic list with a bird on 30 May 2007 at Skagaströnd (N-Iceland). Other older records of that species are still under review.

Rare vagrants: Extreme rarities in 2010 include the 2nd records of American Herring Gull *Larus smithsonianus* and Common Yellowthroat *Geothlypis trichas*, the 3rd record of Thayer's Gull *Larus thayeri* and 3rd-4th records of Yellow-legged Gull *Larus michahellis*. Very rare species include Green Sandpiper *Tringa ochropus* (6th record), Lesser Scaup *Aythya affinis* (6th-7th records), Blyth's Reed Warbler *Acrocephalus dumetorum* (7th record), Little Bunting *Emberiza pusilla* (8th record), European Greenfinch *Carduelis chloris* (8th-10th records), White-winged Scoter *Melanitta deglandi* (9th record), Eurasian Sparrowhawk *Accipiter nisus* (9th-10th records) and Western Marsh Harrier *Circus aeruginosus* (10th record). Other rare species with 11-20 records are Hoopoe *Upupa epops*, Yellowhammer *Emberiza citrinella*, Lesser Yellowlegs *Tringa flavipes* (two birds), Sandwich Tern *Sterna sandvicensis*, Eurasian Reed Warbler *Acrocephalus scirpaceus*, Yellow-rumped Warbler *Dendroica coronata* and Blue-winged Teal *Anas discors*.

Explanations: The three numbers in parentheses after the name of each species indicate respectively: (1) the total number of birds (individuals) seen in Iceland until 1978, (2) in the period 1979-2009 and (3) in 2010. In a very few cases, the number of birds has not been compiled and is then indicated by a hyphen (-) and for some very common vagrants or winter visitors no figures are given. Species order and scientific names are according to AERC TAC (2014).

The following details are given for each record: (1) county (abbreviated and in bold), (2) locality (in italics), (3) number of birds, if more than one, (4) sex and age, if known, (5) observation date (months are in words, if exact date is unknown), (6) observers (in parentheses; names of those appearing more than five times are abbreviated). [RMxxxxx] = specimen number at the Icelandic Institute of Natural History.

The following symbols, abbreviations and words are used: ♂ = male, ♀ = female, *fugl(ar)* = bird(s), *par(pör)* = pair(s), *fullu* = adult, *ungf* or *ungur* = immature, *fd* = found dead (*fnd* = found newly dead, *fld* = found long dead), □ = photographed (or filmed) and identification confirmed by at least one committee member, ☆ = collected (species identification confirmed with a specimen), *amk* = at least, *ofl* = et al., *um* = about, *til* = until, *og nágr* = and nearby, *á fyrsta vetri* = first winter, *ársgamall* = first summer, *á öðrum vetri* = second winter, *á öðru sumri* = second summer. The number of birds is given in words, if less or equal to 20 individuals (1 = einn, ein or eitt; 2 = tveir, tvær or tvö; 3 = þrír, þrjár or þrjú; 4 = fjórir, fjórar or fjögur; 5 = fimm; 6 = sex; 7 = sjö; 8 = átta; 9 = níu; 10 = tíu; 11 = ellefu; 12 = tólf; 13 = þrettán; 14 = fjórtán; 15 = fimmtán; 16 = sextán; 17 = sautján; 18 = átján; 19 = nítján; 20 = tuttugu).

Yann Kolbeinnsson, Náttúrustofa Norðausturlands, Hafnarstétt 3, 640 Húsavík (yann@nna.is).

Tilvitnun:

Yann Kolbeinnsson 2019. Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2010. – Bliki 33: 15-34.

Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum 2006-2008

Fjöldi svartfugls á tímabilinu 2006-2008 var metinn og borinn saman við tölur frá árunum 1983-1986. Langvíur voru alls 698.000 pör (70% af fyrri tölu), stuttnefjur 326.800 pör (56%) og álkur 313.500 pör (83%). Fækkun langvíu var mest suðvestanlands og einnig töluverð á Vestfjörðum og Langanesi en fjöldinn breyttist lítið í Drangey og Grímsey, og henni fjölgaði í Skríði, Papey og víðar á Austfjörðum. Stuttnefju fækkaði mest á Suðvesturlandi og á Langanesi. Álku fækkaði mikið í Látrabjargi og á Hornströndum en fjölgaði í Grímsey. Fækkun stuttnefju virðist endurspeglar langvarandi hnignun stofnsins og gæti tengst hnattrænum breytingum. Staðbundnar breytingar á fjölda allra þessara þriggja tegunda voru í takt og líklega vegna breytinga í svæðisbundnu fæðuframboði. Allar tegundirnar eru nú á valista yfir fugla sem eiga erfitt uppdráttar.


Inngangur

Hér verður greint frá nýlegri yfirlitskönnun á fjölda svartfugls í fuglabjörgum. Könnunin fór að mestu fram á árunum 2006-2008 en nokkrar athuganir eru auk þess frá árunum 2005 og 2009. Könnun þessi er endurtekning á heildarkönnun sem fram fór aðallega á tímabilinu 1983-1986 og nær hún til þriggja tegunda sem almennt ganga undir samheitinu svartfugl, en þær eru álka *Alca torda*, langvía *Uria aalge* og stuttnefja *U. lomvia* (1. mynd; Arnbór Garðarsson 1995). Alþýðuheitið svartfugl gefur til kynna að þessar þrjár tegundir eigi margt sameiginlegt og raunar er erfitt að aðgreina þær nema með ærinni reynslu og á stuttu færi. Þetta hefur áhrif á talningaraðferðir eins og síðar greinir.


Nokkuð langt var liðið frá því að fyrsta heildarkönnunin var gerð, eða um það bil 22 ár. Krýsuvíkurbjarg og Hafnaberg á Reykjanesskaga, sem og Skoruvíkurbjarg á Langanesi hafa að vísu verið könnuð með styttra millibili til þess að gefa hugmynd um hvert stefndi með bjargfuglinn (Arnbór Garðarsson 2006, Yann Kolbeinsson

& Þorkell L. Þórarinnsson 2012), en ýmsar ástæður hafa orðið til þess að heildarkönnunin var ekki endurtekin fyrr. Í fyrsta lagi hafa reglubundnar sjófuglatalningar ekki verið ofarlega á verkefnaskrá þar til bærra stofnana en verið framkvæmdar fremur af áhuga einstaklinga og eftir því sem tilefni hefur virst til. Í öðru lagi eru þau fuglabjörg þar sem langmest er af svartfugli, Látrabjarg, Hælavíkurbjarg og Hornbjarg, mjög stór og erfið viðfangs. Í þriðja lagi varð tæknibylting í ljósmyndun um aldamótin síðustu sem hafði meðal annars í för með sér að á tímabili var hvorki hægt að nota filmu (sem varð ófáanleg) né stafræn töl (sem voru ekki með nægileg myndgæði).

Svartfuglaættin (Alcidae) tilheyrir lóuættbálkinum (Charadriiformes) en til hans heyra auk þess vaðfuglar, svo sem lóuætt (Charadriidae) og snípuætt (Scolopacidae), máfar og þernur (Laridae), og kjóar (Stercorariidae). Svartfuglaættin er eingöngu í höfum Norðrhvells og eru tegundir flestar í Kyrrahafi. Í N-Atlantshafi og Íshafi eru nú sex tegundir en sú sjöunda, geirfuglinn *Pinguinus impennis*, dó út á 19. öld.



1. mynd. Svartfugl er samheiti þriggja tegunda af ættinni Alcidae: a) Álka *Alca torda*. b) Langvía *Uria aalge*. c) Stuttnefja *Uria lomvia*.



2. mynd. Hlutfallslegur fjöldi sturtnefju (ofar) og langvíu (neðar) í nokkrum fuglabjörgum á tímabilinu 1954 til 2008. Vísitölur eru reiknaðar út frá meðalfjölda fyrir allt tímabilið. Takið eftir að sturtnefju fækkaði allan tímann þrátt fyrir miklar sviptingar í veðurfari (Arnþór Garðarsson 2006, og skv. gögnum Þorsteins Einarssonar 1979). – *The proportional numbers of Thick-billed Murre (upper) and Common Murre (lower). Shown as indices based on the mean number of each species throughout the period 1954-2008. Note that the Thick-billed Murre declined continuously despite fluctuations in climate (Based on Arnþór Garðarsson 2006 and Þorsteinn Einarsson 1979).*

Langvía og sturtnefja eru bæði í Atlantshafi og Kyrrahafi, sturtnefjan norðan til, langvían sunnar. Álkan er eingöngu í Atlantshafi og innhöfum þess. Fjöldi langvíu í Atlantshafinu er alls um 2,7 milljónir para og sturtnefju um 4,3 milljónir, en álkurnar eru færri, alls rúmlega hálf milljón pör (ýmsar heimildir birtar og óbirtar, sjá hér á eftir). Margir hafa tekið saman fjölda svartfugla í N-Atlantshafi en tölurnar eru misjafnlega gamlar og misjafnlega nákvæmar milli svæða og ekki alltaf sambærilegar. Í heimskautslöndum Rússlands og Noregs er fjöldi sturtnefju talinn vera alls um 1,9 milljónir para, mest á Novaya Semlya og Svalbarða, um 850.000 á hvorum stað, en einnig eru þar rúmlega 200.000 pör af langvíu og skiptast aðallega á milli

Svalbarða og Bjarnareyjar (Anker-Nilssen o.fl. 2000). Á þeim heimskautssvæðum sem næst eru okkur er svartfugl aðallega á Jan Mayen (um 78.000 sturtnefjupör, H. Strøm óbirt gögn) og svolítið við Scoresbysund á A-Grænlandi (alls um 4.500 sturtnefjupör, D. Boertmann, pers. uppl.). Fremur lítið er af svartfugli á meginlandi V-Evrópu, mest langvía, 33.000 pör, um helmingur hennar í Noregi. Einnig eru talin þar um 42.000 álkupör (Barrett o.fl. 2006). Á Bretlandseyjum var fjöldi langvíu alls um 1.050.000 pör en álku um 145.000 þegar síðast var talið (Mitchell o.fl. 2004). Í Færeyjum voru áætluð 176.000 langvíupör og 4.500 álkupör (Jensen o.fl. 2005). Vestanhafs verpa um 500.000 sturtnefjupör á V-Grænlandi og 1.500.000 í Kanada og þar eru líka talin um 500.000 langvíupör en álkan er aðeins talin vera um 40.000 pör í N-Ameríku (Chapdalaine o.fl. 2001, Mitchell o.fl. 2004 og heimildir þar, Gaston o.fl. 2012). Eins og sést á þessari upptalningu, er álkan langmest á Íslandi (um 57% af öllum stofninum), langvían er aðallega á Bretlandseyjum (39% af Atlantshafsstofninum) og hér á landi (26%), en sturtnefjan er aðallega á heimskautssvæðum NA-Kanada, V-Grænlandi, Svalbarða og Novaya Semlya.

Hér á landi verpa mjög stórir stofnar sjófugla og þekking á fjölda þeirra, fjöldabreytingum og afkomu er gagnleg til þess að fylgjast með sibreytilegu lífríki hafsins sem jafnframt er undirstaða mannlífs í landinu. Breytingar á stærð varpstofna marga tegunda sjófugla endurspeglar yfirleitt breytingar á fæðuframboði í sjónum (Piatt o.fl. 2007). Þær þrjár tegundir, sem hér eru til umræðu, eru allar svipaðar í lífsháttum, verpa í fuglabjörgum en sækja fæðu til sjávar. Á sumrin er fæðan hér við land einkum smáfiskur svo sem sandsíli *Ammodytes marinus* við landið sunnanvert en loðna *Mallotus villosus* fyrir norðan. Algengasta aukafæðan er ljósátutegundir (Euphausiacea), sem eru smávaxin krabbadýr (Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson 1997, 1998). Að vetrarlagi fyrir norðan land er fæðan loðna og síld *Clupea harengus* auk krabbadýra, en fyrir sunnan land éta álka og langvía sandsíli og síld (Kristján Lilliendahl 1990, 2009, 2010).

Stærð svartfuglastofna og stærð helstu varpstöðva þeirra hefur orðið nokkur hindrun í því verkefni að kanna þá á viðhlítandi hátt. Eftir að fyrstu heildarkönnuninni lauk var fylgst áfram með nokkrum talningarsvæðum, aðallega Krýsuvíkurbergi og Hafnabergi á Reykjanesskaga og Skoruvíkurbjargi á Langanesi, með um 10 ára og síðar 5 ára millibili. Þessi svæði voru valin vegna þess að þau voru aðgengileg en sitt á hvoru landshorninu og gætu því hagað sér mjög ólíkt. Að auki voru gerðar stakar talningar í Drangey (árið 2000) og á Snæfellsnesi (2005). Ekki var reynt að telja aftur í stærstu björgunum, Látrabjargi og á Hornströndum. Niðurstöðurnar bentu til þess að bæði langvíu og álku fjölgaði fram yfir 1995 og jafnvel allt til aldamótanna 2000. Svo virtist sem varpstofnar beggja tegundanna færu minnkandi eftir aldamótin og þá varð mikil fækkun á álku í Krýsuvíkurbergi. Einnig kom fram stöðug fækkun sturtnefju allt tímabilið frá 1956 (2. mynd).

Mikill meirihluti íslensku svartfuglsstofnanna verpur í fáeinum gríðarstórum björgum á Vestfjörðum en


þar höfðu talningar ekki verið endurteknar. Að öllu samanlögðu þótti okkur ástæða til að endurtaka fyrri heildarkönnun frá 1983-1986, kanna og gera grein fyrir fjölda þessara þriggja svartfuglstegunda á Íslandi 2006-2008 og bera niðurstöðurnar saman við fyrri gögn. Að svo búnu mætti leita skýringa á hugsanlegum stofnbreytingum hjá hverri tegund og skoða breytingarnar á mismunandi mælikvarða, til dæmis hvort þær væru bundnar við ákveðin hafsvæði. Um leið var ætlunin að leggja drög að vöktun til langs tíma. Hér verður greint frá helstu niðurstöðum og birt gögn og útreikningar sem liggja þeim til grundvallar. Einnig er tæpt á hugsanlegum skýringum og reynt að benda á atriði sem ætti að taka til greina í langtíma vöktun.

Aðferðir

Fuglabjörgin voru flest könnuð einu sinni á árabílinu 2006 til 2008 (sbr. Viðauka 1 og 2). Auk þess eru hér notuð gögn frá Snæfellsnesi 2005 (Bornaechea & Arnþór Garðarsson 2006). Tvær talningar voru gerðar á Krýsuvíkurbergi (2005 og 2007) og þrjár á Hafnabergi (2005, 2006 og 2007). Í Látrabjargi var aðallega talið árið 2006 en bætt við talningum 2007 og enn 2009. Á Hornströndum þurfti að endurtaka myndatökur tvo daga í röð árið 2007. Vestmannaeyjar voru að mestu taldata af myndum frá 2006 en í nokkrum eyjum var myndataka endurtekin árið 2008. Athuganir voru gerðar á tímabilinu 13. júní til 10. júlí en talningar á Snæfellsnesi hófust þó fyrr, eða 2. júní.

Á árunum 1983-1986 var metinn fjöldi svartfugls og annarra bjargfugla í öllum fuglabjörgum sem setin voru af svartfugli eða ritu. Björgin voru mynduð úr flugvél og talin af filmu. Könnun þessi er endurtekning á fyrri könnun og aðferðir eru að mestu þær sömu og áður hefur verið lýst, þó er ljósmyndunartæknin önnur því að myndirnar eru stafrænar og talningar á þeim eru gerðar á tölvu (Arnþór Garðarsson 1995, Arnþór Garðarsson o.fl. 2013). Flest björgin voru mynduð úr lofti og talin í heild sinni. Stærstu og erfiðustu fuglabjörgin, Látrabjarg, Riturinn, Hælavíkurbjarg, Hornbjarg og Grímsey, voru könnuð með loftmyndatöku á sniðum. Var þá flogið fram af bjarginu í nokkurri hæð yfir sjó í 1800 fetum (um 550 m) yfir Látrabjargi, 2000 fetum (um 600 m) yfir björgunum á Hornströndum og 1000 fetum (330 m) yfir Grímsey og myndað niður og aftur undan flugvélinni með 25° frávik frá lóðlínu (3. mynd).

3. mynd. Að ofan: Skýringarmynd (endurgerð myndar eftir Arnþór Garðarsson 1995) til að sýna aðferð sem notuð var til að ljósmynda talningarsnið í fjórum stærstu björgunum (Látrabjargi, Riti, Hælavíkurbjargi og Hornbjargi). Myndað niður og aftur úr flugvél í 600m h.y.s. með 25° frávik frá lóðlínu. Að neðan: Snið 7 úr Látrabjargi 2006. – Above: Diagram to show the method used to photograph census transects from the air in the four largest bird cliffs. The photographs are made from an aircraft heading off the cliff at 600 m a.s.l. and cameras mounted at a 25° angle from vertical. Below: Transect 7 at Látrabjarg from 2006.





4. mynd. Krýsuvíkurbjarg er stærsta fugla-
bjargið á Suðvesturkjálkanum. Þar reið yfir
jarðskjálfti 17. júní 2000 og hrundi víða úr
bjarginu. Síðan hafa bjargbrúnirnar verið
ótryggar fyrir talningamenn. Myndin sýnir
Pablo Giménez Bornaechea að störfum 4.
júlí 2007. – *Cliff edge at Krýsuvíkurbjarg,
the largest bird cliff in SW-Iceland after
the area was hit by an earthquake on 17
June 2000. Pablo Giménez Bornaechea
at work on 4 July 2007.*


Vegna þess hve illa sést í flest íslensk fuglabjörg af landi
er myndataka úr lofti yfirleitt eina aðferðin sem til greina
kemur sem grundvöllur talninga. Heildartalning af landi
var notuð í Hafnabergi á Reykjanesi og á Snæfellsnesi.
Sniðtalning af landi var notuð í Krýsuvíkurbjargi (en það
er orðið erfitt viðfangs eftir jarðskjálftann 17. júní 2000,
sbr. 4. mynd) og Skoruvíkurbjargi á Langanesi (5. mynd).

Til þess að aðgreina tegundir þarf að skoða svartfuglinn
á jörðu niðri og er þá venjulega stuðst við stór úrtök.
Yfirleitt eru hlutföll tegunda skoðuð beint með sjónauka,
en í Eldey og Riti voru teknar myndir af bjarginu af sjó og
hlutföll tegunda í bjargi metin á þeim. Hlutdeild tegunda
í bjargi er yfirleitt notuð til þess að áætla fjölda langvíu
og stuttnefju. Álkan er felugjörn og því er ekki hægt að
gera ráð fyrir að sjá nema lítið af henni í bjarginu, en á
sjónum undir bjarginu safnast bæði langvíur og álkur
saman á daginn. Hlutfall álku á móti langvíu á sjónum er
notað til að meta fjölda álku í bjarginu. Þessari einföldu

aðferð var þó ekki hægt að beita á nokkrum stöðum þar
sem álka er eini svartfuglinn.

Í Látrabjargi var hægt að meta hlutföll svartfuglsteg-
unda með því að skoða bæði í bjargið og á sjóinn
fyrir neðan bjargið. Þar var einnig auðvelt að greina
tegundir með því að ákvarða og skrá tegundir svartfugls
í aðflugi að bjarginu. Við Hælavíkurbjarg og Hornbjarg
var hlutfall allra tegundanna metið með því að greina
fljúgandi svartfugla. Einnig mátti notast við hlutföll á sjó
undir bjarginu en erfitt var að greina tegundir í bjargi.
Nokkur óvissa er um stöðugleika í mati þegar notuð
eru tegundahlutföll fengin með mismunandi aðferðum
á löngum tíma.

Erfitt er að fá óbjagað mat á hlutdeild tegunda í stærstu
björgunum, Látrabjargi, Hælavíkurbjargi og Hornbjargi,
og hefur þar verið notast við talningar þar sem greint
er stórt úrtak svartfugls (nokkur þúsund) í aðflugi af
miðunum. Staðir sem henta til þessa eru við vitann á



5. mynd. Skoruvíkurbjarg úr lofti, 1. júní
2013. Horft til austurs, Stóri-Karl sést
lengst til vinstri. Bjargið er mjög vogskorið
og hentar því vel til nákvæmra talninga
af brún en síður til loftmyndatöku. – *The
indented coastline of Skoruvíkurbjarg at
Langanes, NE-Iceland, ideal for detailed
counts on the ground but not suitable for
aerial photography.*

Bjargtöngum (sem er vesturendinn á Látrabjargi), og á sjó úti af Hæl vestan við Hælavíkurbjarg og er þá gert ráð fyrir að úrtakið eigi einnig við Hornbjarg. Talningar þessar á aðflugi úr vestri eru háðar veðri og þarf helst að vera allmikil gola af austri til þess að svartfuglinn þéttist þar, fljúgi nógu lágt og komi nógu nálægt talningamönnum. Nokkur hætta er á skekkju í úrtakinu vegna þess að hætt er við að fugl sem kemur að björgunum úr öðrum áttum en að utan sjáist síður. Í Látrabjargi gæti þetta flug verið úr Faxaflóa og Breiðafirði (Lillindahl o.fl. 2003), en við Hæl aðallega úr Húnaflóa. Ef þessi björgun er fyrir hendi, virðist líklegast að hún valdi ofmati á stuttnefju, sem fer mikið út í hitaskilin og hafisjaðarinn allt að 200 km frá landi (Benvenuti o.fl. 1998), en vanmati á flóafuglunum álku og langvíu. Aftur á móti gæti tíðni ferða hjá stuttnefju verið minni en hjá hinum tegundunum og fjöldi hennar því vanmetinn. Hér er valið að nota óleiðrétt gögn um hlutföll tegunda á flugi.

Svartfuglar í bjargi eru taldir sem einstaklingar, því að hreiðurgerð er engin og erfitt að meta hvort fugl liggur á eða ekki. Hlutdeild hreiðurfugla (fjöldi para) í yfirgripsmikilli könnun er því óþekkt og til þess að fá hugmynd um þetta hlutfall þarf ítarlega rannsókn hverju sinni á hverri tegund og á hverjum stað. Þetta er of flókið og tafsamt í yfirlitskönnun sem verður að ljúka á stuttum


tíma. Því er hér farin sú leið, sem nokkur hefð er fyrir, að margfalda tölu fugla með 0,7 og kalla niðurstöðuna fjölda para (sbr. Harris 1989, Arnþór Garðarsson 1995).

Markmið okkar var í fyrsta lagi að ganga úr skugga um fjölda varpfugla og bera niðurstöðuna saman við fyrri niðurstöður. Því beindist könnunin einkum að höfuðbólum svartfugls en síður að nákvæmri leit að stöðum þar sem örfáir fuglar kynnu að leynast. Álkan er sérstaklega vangæf að þessu leyti því að hún getur leynst í urðum og klettum þar sem fátt er um annan bjargfugl. Tveir álkuvarpstaðir voru kannaðir af landi: Hellar við Þorlákshöfn og Karl við Reykjanes. Í Grímsey á Steingrímsfirði verpa fáeinar álkur og hafa verið þar a.m.k. frá 1993 (Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 1995, og tölvubréf). Nokkrir minni háttar varpstaðir svartfugls voru aðeins kannaðir úr lofti: Bjarnarnúpur norðan Hvallátra, Mánáreyjar (Lágey og Háey) við Tjörnes, Súlur á Melrakkaslétu, Máfabýggðir og Skeglubjörg á norðanverðu Langanesi, Hafnarbjarg við Borgarfjörð eystra, Norðfjarðarnípa (Nípustapi), Hestur og Hesturð austan í Barðsnesi, og Gerpir. Fjöldi hverrar svartfuglstegundar í Bjarnarnúpi var metinn út frá hlutföllum í aðflugi á Bjargtöngum (5 km SV, þ.e. sama hlutfall og notað var í Látrabjargi) árin 2006 og 2007. Fjöldi hverrar tegundar norðan á Langanesi var metinn út

1. tafla. Metinn fjöldi (og 95% vikmörk) svartfuglspara í íslenskum fuglabjörgum 2006-2008. – *Estimated number (and 95% confidence limits) of three large auk species in Icelandic seacliffs in 2006-2008.*

Svæði	Staður	Byggðir	Ár	Langvía <i>Uria aalge</i>		Stuttnefja <i>Uria lomvia</i>		Álka <i>Alca torda</i>	
Sector	Locality	Colonies	Year	pör	(vikmörk)	pör	(vikmörk)	pör	(vikmörk)
1	Ingólfshöfði	1	2007	5884	(5548-6220)	99	(93-105)	5916	(4529-7704)
2	Mýrdalur	7	2007	3210	(3026-3393)	0	–	410	(243-609)
3	Vestmannaeyjar	24	2006	33016	(31129-34902)	0	–	2843	(2248-3502)
4	Krýsuvíkurbjarg	1	2007	8785	(3863-14243)	157	(0-473)	4127	(2134-6333)
4	Karlinn við Reykjanes	1	2006	0	–	0	–	10	–
4	Eldey	1	2006	986	(930-1042)	31	(29-33)	2	–
4	Hafnaberg	1	2006	419	(395-443)	8	(8-9)	448	(312-643)
6	Snæfellsnes	7	2005	1093	(1031-1156)	264	(249-279)	870	(736-1024)
8	Látrabjarg	1	2006-07	225912	(144808-315283)	118034	(75659-164729)	160968	(103178-224647)
8	Bjarnarnúpur	1	2007	1357	(991-1759)	709	(518-919)	967	(706-1254)
10	Ritur	1	2007	11789	(2833-21749)	2482	(597-4579)	856	(135-2146)
10	Hælavík- og Hornbjarg	2	2007	268275	(85748-471067)	183738	(58728-322628)	5607	(1792-9845)
11	Grímsey Steingrímsfirði	1	2005-10	0	–	0	–	+	–
12	Drangey og Kerling	2	2007	7099	(6693-7505)	12666	(11942-13390)	2116	(1669-2632)
14	Grímsey	1	2007	67293	(32739-105569)	4054	(1972-6360)	114796	(52539-191631)
15	Mánáreyjar	2	2008	0	–	0	–	+	–
15	Rauðinúpur	3	2008	2040	(1924-2157)	84	(79-89)	1006	(786-1270)
16	Austur-Sléttu: Súlur	1	2008	0	–	0	–	+	–
16	Skoruvík	1	2007	27343	(16224-39621)	2484	(1088-4032)	8010	(5564-10697)
16	Langanes N	1	2006, 08	1673	(1577-1768)	45	(43-48)	407	(36-373)
16	Langanes Fontur	1	2006	14845	(13997-15693)	401	(378-424)	3614	(2951-4359)
17	Hafnarbjarg Borgarfirði eystra*	1	2008	150	–	–	–	+	–
17	Norðfjarðarnípa*	1	2008	–	–	–	–	+	–
17	Barðsnes: Hesturð*	1	2008	<1100	–	–	–	+	–
17	Gerpir*	1	2008	<600	–	–	–	+	–
17	Skrúður	2	2008	11483	(10827-12140)	1586	(1495-1677)	135	(47-234)
17	Papey	6	2008	3701	(3490-3913)	+	–	365	(161-613)
Samtals		73		698053	(367773-1059623)	326843	(152879-519772)	313473	(179764-469516)

* Allur talinn svartfugl skráður sem langvía og margfaldað með 0,7.



6. mynd. Breyting á fjölda svartfugla í björgum frá árunum 1983-1986 (stærð depils sýnir $\log_{10}$ fjölda þá) til 2006-2008; litur táknar breytingu (2006-8 sem hlutfall af 1983-6: grænt=fjölgun, gult=óbreytt, rautt=fækkun, svart=mikil fækkun). – Change in numbers of large auks from the period 1983-1986 (area of dot shows $\log_{10}$ numbers then) to 2006-2008; colour indicates proportional change (green=increase, yellow=no change, red=decrease, black=large decrease).

frá hlutföllum við Font. Í Mánáreyjum og Súlum er enginn svartfugl nema álka. Hafnarbjarg, Hestur og Gerpir eru blandaðar byggðir langvíu og álku, en í Norðfjarðarnípu virtist eingöngu vera álka árið 2008.

Niðurstöður

Svartfugl var alls í 73 björgum á 27 varpstöðum (sbr. Arnþór Garðarsson 1995). Útreiknaður fjöldi svartfuglspara á hverjum varpstað 2006-2008 er sýndur í 1. töflu en grunntölurnar er að finna í Viðaukum 1 og 2. Hlutfallsleg breyting á fjölda svartfuglstegundanna þriggja á milli tímabilanna 1983-1986 og 2006-2008 er sýnd myndrænt fyrir einstök björg (6. mynd).



Langvía

Heildarfjöldi langvíu 2006-2008 var tæplega 700.000 pör og er það 30% fækkun frá fyrri talningu, 1983-1986, en þá voru pörin um 990.000. Þetta jafngildir um 1,6% fækkun á ári. Dreifing langvíu hélt nokkurn veginn óbreytt frá fyrri talningu, mest var í Hælavíkurbjargi og Hornbjargi, um 270.000 pör (38% af heildinni), og litlu færri í Látrabjargi, 226.000 (32%). Í Grímsey voru 67.000 pör (10%) og í Vestmannaeyjum 33.000 (5%). Aðrir staðir með minnst 1% af fjölda hver voru Krýsuvíkurbjarg, Ritur, Drangey, Skoruvíkurbjarg, Fontur og Skrudur.

Endurtekin talning í Látrabjargi 2009 sýndi fækkun langvíu frá talningu 2006 og voru þar nú 184.000 pör eða 81% af fjöldanum 2006 sem jafngildir 6,9% fækkun á ári. Endurteknar talningar á þremur öðrum stöðum sýndu einnig fækkun: í Krýsuvíkurbjargi fækkaði frá 2005 til 2007 úr um 12.000 í tæplega 9.000, í Hafnabergi úr 400 árið 2006 í 130 árið eftir, og í Skoruvíkurbjargi á Langanesi úr 29.000 árið 2006 í 19.000 árið 2009.

Breyting á fjölda langvíu á hverjum stað milli tímabilanna 1983-86 og 2006-08 var yfirleitt nálægt landsmeðaltalinu sem var 70% af fyrri tölu. Í heild er fækkunin tölfraðilega marktæk (Wilcoxon, $P = 0,029$) og eru þá bornir saman allir 19 staðirnir þar sem langvía var talin. Í sjö mýrdælskum björgum var fjöldi svartfugls (nær allt langvía) 56% af því sem hann var árið 1983 og er fækkunin marktæk (Wilcoxon, $P = 0,016$). Eitt bjarg, í Reynisfjalli þar sem áður voru um 300 svartfuglar, var horfið og hafði það hrúnið. Í Vestmannaeyjum (24 byggðir) hafði svartfugli (svo til allt langvía) fækkað í 58% af tölunni 1983-84 sem er mjög marktækt (Wilcoxon, $P < 0,001$). Mesta skráða fækkun langvíu var í Eldey en þar töldust tæplega 1000 pör árið 2006 sem er aðeins 37% af fyrri tölu, 2700, sem fékkst árið 1977. Einnig fækkaði mjög á Snæfellsnesi, þar voru 1100 pör árið 2005 sem er 44% af fjöldanum árið 1983, og á Langanesfonti, 15.000 árið 2006 eða 51% af tölunni 1986.

Á tveimur svæðum, um miðbik Norðurlands og á Suðausturlandi, varð aðeins lítil breyting á fjölda milli þessara tveggja tímabila. Grímsey virtist óbreytt og nokkur fjölgun varð í Drangey. Fjöldinn breyttist lítið í Ingólfshöfða, 5900 árið 2007 eða 84% af fyrri tölu, og Skrudði, 11.500 árið 2008 sem er 19% aukning frá



7. mynd. Hlutfallsleg breyting á fjölda svartfugla eftir geirum kringum landið milli tímabilana 1983-6 og 2006-8. Efst er kort sem sýnir mörk 17 geira sem strandlengjunni er skipt í. – Proportional change in numbers of large auks in 17 coastal sectors of Iceland 1983-6 and 2006-8. Map shows the sectors and their limits.

1984. Í Papey varð mikil aukning, en þar voru um 3700 langvíupör árið 2008 og hafði fjölgað um 80% frá 1984.

Á þremur stöðum á Austfjörðum hefur langvía verið að nema land eða hefur fjölgað á síðustu áratugum. Í Hafnarbjargi, Borgarfirði eystra, byrjaði hún að verpa um 1995 (Magnús Þorsteinsson, Höfn). Þar töldust 215 svartfuglar, sennilega mestallt langvíur, á loftmyndum frá 14. júní 2008. Enginn svartfugl var í Hafnarbjargi þegar það var kannað árið 1984 og engar heimildir eru um varp þar á fyrri árum. Í Hesti austan við Barðsnes sást enginn svartfugl 1984 en þar voru nú taldir um 1100 fuglar, mest langvíur. Á klettagangi við Gerpi voru nú tæplega 600 svartfuglar, eflaust langmest langvíur, en sá klettur var skráður sem setstaður árið 1984.

Stuttnefja

Heildarfjöldi stuttnefju 2006-2008 var um 330.000 pör og er það 44% fækkun frá fyrri talningu, en þá voru pörin um 580.000 (um 2,6% fækkun á ári). Dreifing stuttnefju hélst lítt breytt frá fyrri talningu, langmest var í Hælavíkurbjargi og Hornbjargi, um 184.000 pör (56%), en mun færri í Látrabjargi, 118.000 (36%). Í þriðja sæti kemur Drangey með tæplega 13.000 pör (4%). Aðeins einn annar staður náði 1% af fjölda para, en það var Grímsey með 4054 stuttnefjupör.

Endurtekin talning í Látrabjargi 2009 sýndi verulega fækkun stuttnefju frá talningu 2006 og voru þar nú 57.000 stuttnefjupör eða aðeins helmingur af fjöldanum eins og hann var áætlaður vorið 2006 (24,3% fækkun á ári). Sé notuð síðari talan fyrir Látrabjarg, fæst mun lægri heildartala stuttnefju fyrir landið, eða aðeins um 280.000, 50% af talningunni 1983-86. Annars staðar hafði einnig fækkað: í Krýsuvíkurbergi fækkaði úr um 300 árið 2005 í tæplega 160 árið 2007, í Hafnabergi fundust 8 árið 2006 en 4 árið 2007 og í Skoruvíkurbjargi á Langanesi voru 3700 árið 2006 en 3100 árið 2009. Í Vestmannaeyjum fannst engin stuttnefja árið 2006, en 1985 voru þar áætluð 210 pör.

Breyting á fjölda stuttnefju á hverjum stað milli tímabilanna 1983-86 og 2006-08 var mismikil en yfirleitt varð fækkun og í heild var fækkunin tölfræðilega marktæk (Wilcoxon, $P < 0,001$). Alls staðar sunnan- og suðvestanlands varð mjög mikil fækkun (75-100%), nema í Ingólfshöfða en þar voru aðeins um 100 pör. Sömuleiðis fækkaði stuttnefju mjög mikið í Riti en þar voru nú um 2500 pör (21% af fyrri tölu) þar sem áður voru 12.000, í Skoruvíkurbjargi voru nú 2500 (21%) en voru 12.000 árið 1986, á Fonti 450 (13%) í stað 3500.

Minnst fækkun varð í Hælavíkurbjargi og Hornbjargi (46% af fyrri tölu), Drangey (59%), Grímsey (57%) og Skríði (70%). Í Látrabjargi virtist fjöldinn 2006 hafa haldist óbreyttur frá 1985. Hlutföll stuttnefju og langvíu í aðflugi virtust nokkuð há árið 2006, eða 38% stuttnefja, hlutföllin voru því skoðuð aftur 2007 og voru þá 31% en voru komin í 24% þegar talningin var öll endurtekin árið 2009. Fækkun stuttnefju í Látrabjargi var því í raun og veru svipuð og á Hornströndum en virðist hafa verið eitthvað seinna á ferðinni.

Álka

Heildarfjöldi álku 2006-2008 var um 310.000 pör og er það um 17% fækkun frá fyrri talningu en þá voru pörin um 380.000 (0,8% fækkun á ári). Breytingin er ekki marktæk (Wilcoxon, $P = 0,169$). Dreifing álku breyttist verulega frá fyrri talningu, langmest (51%) var enn í Látrabjargi, um 160.000 pör, en næststærsta byggðin, um 115.000 pör (37%), var nú í Grímsey. Í Hælavíkurbjargi og Hornbjargi voru nú innan við 6.000 pör (1,8% af stofninum). Aðrir staðir með meira en 1% af stofninum voru Ingólfshöfði, Krýsuvíkurbjarg, Skoruvíkurbjarg og Fontur.

Endurtekin talning í Látrabjargi 2009 sýndi verulega fækkun álku frá talningu 2006 og voru þar nú 89.000 álkupör eða aðeins 55% af fjöldanum sem var áætlaður vorið 2006 eða 19,6% fækkun á ári. Sé þessi seinni tala lögð til grundvallar verður heildarfjöldinn aðeins um 240.000 pör, en þess ber að gæta að þá vantar tölur frá sama ári úr öðrum líklegum álkubyggðum, aðallega Grímsey.

Fjöldabreytingar álku á einstökum stöðum voru misjafnar. Langmest fækkaði í Hælavíkurbjargi og Hornbjargi eða úr 70.000 í 6.000 pör, 92% fækkun. Einnig varð veruleg fækkun í Riti (um 71%) og á Fonti (um 77%). Á sex stöðum varð fækkun um 30-50% og munar þar mest um Látrabjarg þar sem fjöldinn 1985 var um 230.000 pör. Á fjórum stöðum stóð fjöldinn nokkurn veginn í stað. Loks verður stofnsprenging í Grímsey (259% aukning) og greinileg aukning (70-100%) á þremur öðrum stöðum, í Drangey, Skoruvíkurbjargi og Papey.

Umræða

Niðurstöðurnar sýna marktæka fækkun í fjölda verpandi stuttnefju á milli tímabilanna 1983-1986 og 2006-2008. Seinni talningin skilaði einungis 326.800 pörum sem er 56% af fjöldanum rúmum 20 árum áður. Einnig varð marktæk fækkun í verpandi langvíu á landinu og fundust aðeins um 698.000 í seinni talningunni sem er um 70% af fyrri fjölda. Talsverð fækkun varð líka í varpstofni álku en nú fundust 313.000 verpandi pör sem er 83% af þeirri tölu sem fékkst í fyrri talningunni. Fækkun í stofni álku telst þó ekki tölfraðilega marktæk með þeim aðferðum sem hér eru notaðar.

Ekki er óeðlilegt að breytingar verði í stofnstærð villtra fuglategunda á milli tímabila. Til að meta hvort breytingar eru innan marka sem eðlileg geta talist hafa verið notuð viðmið frá Alþjóðanáttúruverndarsambandinu (IUCN, International Union for Conservation of Nature) við gerð íslensks válista fyrir fugla. Válistinn er skrá yfir tegundir sem eiga erfitt uppdráttar á hverjum tíma og var stuttnefju að finna á válista sem gefinn var út um aldamótin síðustu því talið var að stofnstærð hennar hefði minnkað um meira en 20% á 10 árum (Náttúrufræðistofnun 2000). Við endurskoðun válista fyrir fugla (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018) var tekið mið af niðurstöðum þeirra tveggja úttekta sem hér er fjallað um sem leiddi til að svarfuglstegundirnar þrjár voru allar listaðar; verndarstaða stuttnefju breyttist úr

því að vera í nokkurri hættu (Vulnerable – VU) í að vera í hættu (Endangered – EN), langvía kom ný inn og telst í nokkurri hættu (VU) og álka er einnig ný á lista og telst í yfirvofandi hættu (Near threatened – NT). Forsendur flokkunar stuttnefju (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018) eru 14,0 ára kynslóðalengd og áætluð 67% fækkun á þremur kynslóðum (árábil 1985-2027) miðað við mælda 2,6% fækkun á ári. Hjá langvíu er kynslóðalengd metin 15,1 ár og áætluð fækkun á þremur kynslóðum (árábil 1985-2030) miðað við 1,6% fækkun á ári er 53%. Hjá álku er kynslóðalengd metin 13,6 ár og áætluð fækkun á þremur kynslóðum (árábil 1985-2026) miðað við árlega fækkun 0,85% er 30%, en örðugt er að túlka talningarnar vegna mikilla sveiflna og mögulegra tilfærslna milli staða (Náttúrufræðistofnun Íslands 2018). Samkvæmt þessum forsendum stendur stofn stuttnefju tiltölulega verst, álka stendur best og stofn langvíu er þar á milli.

Breytingarnar á fjölda verpandi svartfugla voru afar ólíkar eftir landshlutum en að miklu leyti svipaðar hjá tegundunum þremur. Mikil fækkun var hjá öllum tegundum á Suður- og Suðvesturlandi þar sem Vestmannaeyjar er stærsta byggðin. Um miðbik Norðurlands og á Austfjörðum fjölgaði heldur varpfuglum álku og langvíu og fækkun í stuttnefju var ekki eins mikil og annars staðar á landinu. Á Vestfjörðum, þar sem stærstu svartfuglabbyggðir landsins eru, virðist fækkun í Látrabjargi vera svipuð hjá öllum tegundum. Í Hornbjargi og Hælavíkurbjargi er fækkun álku miklu meiri en hjá hinum tegundunum, sem þó sýna talsverða fækkun. Á Norðausturlandi varð fækkun í öllum tegundum en lang mest fækkaði stuttnefju. Álku hefur líklega fækkað eitthvað í heild, en einnig flust til, aðallega frá Látrabjargi og víðar af vestanverðu landinu og til Norðurlands, einkum Grímseyjar. Þá er athyglisvert að fækkun átti sér stað í stærstu björgunum til jafns við hin smærri (6. mynd).

Miklar breytingar á stofnstærð og útbreiðslu svartfugla veita tækifæri til að athuga hvort samsvarandi breytingar hafi orðið í lífríki sjávar. Svo virðist sem breytingar á tímabilinu á stofnum loðnu og sandsílis, sem eru uppistaða í sumarfæðu svartfugla (Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson 1997, 1998), geti skýrt að mestu þær breytingar sem komu í ljós hjá fuglunum. Um síðustu aldamót virðist sem stofnstærð loðnu minnki mikið því fyrir aldamót var oft heimiluð veiði á um milljón tonnum árlega, en eftir aldamót yfirleitt um hálfri milljón tónna (Hafrannsóknastofnun 2016). Engin batamerki virðast vera á loðnustofninum (Halldór Björnsson o.fl. 2018), en loðna var mikilvægasta sumarfæða stuttnefju og langvíu auk þess að vera helmingur af fæðu álku (Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson 1997, 1998). Auk þess hrundi sandsílastofninn við landið sunnanvert árið 2005, en sandsíli er ein eftirsóttasta fæða svartfuglsins (Kristján Lilliendahl & Jón Sólmundsson 1997, 1998, Valur Bogason & Kristján Lilliendahl 2009, Kristján Lilliendahl o.fl. 2013). Fækkun sandsílis er sennilegasta orsök þess að bæði langvíu og álku fækkar mest á þeim svæðum þar sem sandsíli hefur verið aðalfæða þeirra og mögulega á

það sama við um stuttnefju. Stofn sandsílis virðist enn vera í lægð við sunnanvert landið.

Fjölgun í stofnum álku og langvíu fyrir miðju Norðurlandi vekur athygli þegar ástandið er slæmt annars staðar. Sennilega má skýra það með aukinni hrygningu loðnu fyrir norðan land, en árið 2007 fannst óvenjulega mikið af loðnuseiðum sem þar höfðu klakist út (Ólafur K. Pálsson o.fl. 2012). Nokkra áratugi þar á undan er aftur á móti talið að árleg hrygning loðnu hafi aðallega verið fyrir sunnan- og suðvestanvert land. Aukning í loðnuseiðum og hugsanlega unglöðnu fyrir norðan gæti staðið undir varpi sjófugla þar, en þekkt er að bæði álka og langvía nýta sér loðnuseiði sem fæðu (Kristján Lillindahl 1990, Kristján Lillindahl & Þór Heiðar Ásgeirsson 2001). Einnig er hugsanlegt að sandsíli hafi aukist fyrir norðan land eftir aldamótin sem líka gæti stutt varp sjófugla þar. Athuganir á vetrarfæðu sjófugla fyrir norðan land fyrir aldamót sýndu mikinn breytileika á milli tímabila í vægi sandsílis í fæðunni. Þá var talið að mikill sjávarkuldi hefði neikvæð áhrif á stofn sandsílis þar (Kristján Lillindahl 1990).

Sameiginleg orsök þess að loðnustofninn minnkar og sandsílastofninn hrynur við landið sunnanvert er líklega hækkun á hitastigi sjávar. Á árunum 1996 til 1998 hækkaði hitastig sjávar verulega við landið (Héðinn Valdimarsson o.fl. 2012) og hefur það haldist hátt síðan (Halldór Björnsson o.fl. 2018). Ekki er að fullu ljóst hvernig hátt hitastig hefur neikvæð áhrif á stofna loðnu og sandsílis, en til þess vantar grundvallarrannsóknir. Þrátt fyrir það verður að telja sennilegt að svo lengi sem hitastig sjávar helst svona hátt muni stofnar loðnu og sandsílis við sunnanvert landið eiga erfitt uppdráttar og þær tegundir sjófugla sem byggja afkomu sína á þeim (Kristján Lillindahl 2010).

Til þess að geta stundað sjálfbærar nýttar stofna þarf að þekkja stofnstærð (eða þéttleika) og lýðfræði (frjósemi og dánartölu). Einnig þarf að tengja þessi innri atriði við breytilegt umhverfi stofnsins, en þar er að finna þá þætti sem ákvarða viðgang hans. Ákvarðandi þættir eru aðallega fæða og varpsvæði. Með nútímatækni hefur reynst viðráðanlegt að telja íslenska bjargfugla og gefur það möguleika á að fylgjast með stofnstærð og afkomu tegundanna. Stofnstærðir þeirra breytast frá ári til árs og stofnbreytingar eru tengdar breytilegum umhverfisskilyrðum, einkum veðurfari og hafstraumum sem stýra fæðuframboði, en einnig er um að ræða bein áhrif af mannavöldum. Sjófuglar eru yfirleitt langlífir tegundir, viðkoman er hæg og stofnaukning er því yfirleitt hæg, en fækkun getur gengið fljótt fyrir sig. Þess vegna þarf langtímafölgun til að fylgjast með stofnbreytingum og greina orsakaferla. Fyrirkomulag vöktunar bjargfugla er enn í mótn, en byggir á árlegum talningum á föstum sniðum á völdum stöðum (Yann Kolbeinsson & Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2017). Ný tækni sem grundvallast á hikmyndatöku (time-lapse ljósmyndun; mynd tekin á klukkustundar fresti árið um kring) fastra sniða hefur verið að ryðja sér rúms og býður upp á nákvæma tímasetningu varps, mat á varpárangri auk vísitölu varpfugla (Yann Kolbeinsson o.fl. 2018). Vegna svæðisbundins breytileika

í afkomu verður þó ekki hjá því komist að gera á 10 til 20 ára fresti heildartalningu á öllum björgum landsins eins og hér hefur verið kynnt.

PAKKIR

Margir hafa hjálpað okkur við að kanna fuglabjörgin og er þeim kærlega þakkað. Kostnaður við rannsóknina var styrktur að miklum hluta af Rannís en einnig lögðu Veidikortasjóður umhverfisráðuneytisins og Rannsóknasjóður Háskólans sitt af mörkum. Úlfar Henningsson stýrði ljósmyndaflugi af frábærri snilld. Eftirtalin tóku þátt í talningum á vettvangi og í rannsóknastofu: Aðalsteinn Snæþórsson, Böðvar Þórisson, Elínborg Sædís Pálsdóttir, Freydis Vigfúsdóttir, Gunnar Þór Hallgrímsson, Halldór Pálmar Halldórsson, Guðni Þór Þrándarson, Guðrún Sveinbjarnardóttir, Hálfán Helgi Helgason, Jón Friðrik Jóhannsson, Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinnsson. Upplýsingar um fjölda og útbreiðslu hér á landi fengust frá Björku Guðjónsdóttur, Jóni Halli Jóhannssyni, Magnúsi Þorsteinssyni og Skarphéðni G. Þórisyni. David Boertmann, Bergur Olsen, Ib Krag Petersen og Hallvard Strøm hjálpuðu okkur að finna nýjustu svartfuglstölur frá Noregi, Færeyjum og Grænlandi. Sarah Wanless og Mike G. Harris upplýstu um aðferðir við að breyta talningum í fjölda para. Svenja N.V. Auhage aðstoðaði við kortagerð.

HEIMILDIR

- Anker-Nilssen, T., V. Bakken, H. Strøm, A.N. Golovkin, V.V. Bianki & I.P. Tatarinkova (ritstj.) 2000. The status of marine birds breeding in the Barents Sea region. – Rapport Nr. 113, Norwegian Polar Institute. 213 bls.
- Arnþór Garðarsson 1995. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum. – Bliki 16: 47-65.
- Arnþór Garðarsson 2006. Nýlegar breytingar á fjölda íslenskra bjargfugla. – Bliki 27: 13-22.
- Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson & Kristján Lillindahl 2013. Framvinda íslenskra ritubygðna. – Bliki 32: 1-10.
- Barrett, R.T., S-H. Lorentsen & T. Anker-Nilssen 2006. The status of breeding seabirds in mainland Norway. – Atlantic Seabirds 8: 97-126.
- Benvenuti, S., F. Bonadonna, L. Dell'Antonia & G.A. Gudmundsson 1998. Foraging flights of breeding Thick-billed Murres *Uria lomvia* in Iceland as revealed by bird-borne direction recorder. – Auk 115: 57-66.
- Bornaechea, P.G. & Arnþór Garðarsson 2006. Fuglabjörg á Snæfellsnesi árið 2005. – Bliki 27: 51-54.
- Chapdalaine, G., A.W. Diamond, R.D. Elliot & G.J. Robertson 2001. Status and population trends of the Razorbill in eastern North America. – Can. Wildl. Service Occ. Paper 105.
- Gaston, A.J., M.L. Mallory & H.G. Gilchrist 2012. Populations and trends of Canadian Arctic seabirds. – Polar Biol. 35: 1221-1232.
- Hafrannsóknastofnun 2016. Nýtjastofnar sjávar 2015/2016 og aflahorfur fiskveiðiárið 2016/2017. – Hafrannsóknir 185, 188 bls.
- Halldór Björnsson, Bjarni D. Sigurðsson, Brynhildur Davíðsdóttir, Jón Ólafsson, Ólafur S. Ástþórsson, Snjólaug Ólafsdóttir, Trausti Baldursson & Trausti Jónsson. 2018. Loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi – Skýrsla vísindanefndar um loftslagsbreytingar 2018. Veðurstofa Íslands.
- Harris, M.P. 1989. Variation in the correction factor used for correcting counts of individual guillemots *Uria aalge* into breeding pairs. – Ibis 131: 85-93.
- Héðinn Valdimarsson, Ólafur S. Ástþórsson & Jónbjörn Pálsson 2012. Hydrographic variability in Icelandic waters during recent decades and related changes in distribution of some fish species. – ICES Journal of Marine Science 69: 816-825.
- Jensen, J.-K., D. Bloch & B. Olsen 2005. List of birds seen in the Faroe Islands. – Føroya Náttúrugripasavn, Tórshavn.
- Jón Hallur Jóhannsson & Björk Guðjónsdóttir 1995. Varpfuglar í Steingrímsfirði og nágrenni. Könnun 1987-1994. – Fjölrit Náttúrufræðistofnunar 28. 76 bls.
- Kristján Lillindahl 1990. Vetrarfæða svartfugla á grunnslóð við Ísland. – B.Sc. Hons. ritgerð. Líffræðiskóli, Háskóla Íslands. 84 bls.

- Kristján Lillíendahl 2009. Winter diets of auks in Icelandic coastal waters. – *Marine Biology Research* 5: 143–154.
- Kristján Lillíendahl 2010. Sjófuglar í lífríki hafsins. – *Náttúrufr.* 79: 136–145.
- Kristján Lillíendahl & Jón Sólmundsson 1997. An estimate of summer food consumption of six seabird species in Iceland. – *ICES Journal of Marine Science* 54: 624–630.
- Kristján Lillíendahl & Jón Sólmundsson 1998. Fæða sex tegunda sjófugla við Ísland að sumarlagi. – *Bliki* 19: 1–12.
- Kristján Lillíendahl & Þór Heiðar Ásgeirsson 2001. Sjófuglar og seiði sunnan og vestan við Ísland. – *Bliki* 22: 13–20.
- Kristján Lillíendahl, Erpur S. Hansen, Valur Bogason, Marínó Sigursteinsson, Margrét L. Magnúsdóttir, Páll M. Jónsson, Hálfdán H. Helgason, Gísli J. Óskarsson, Pálmi F. Óskarsson & Óskar J. Sigurðsson 2013. Viðkomubrestur lunda og sandsílis við Vestmannaeyjar. – *Náttúrufr.* 83: 65–79.
- Lillíendahl, K., J. Sólmundsson, G.A. Gudmundsson & L. Taylor 2003. Can surveillance radar be used to monitor foraging distribution of colony breeding auks? – *Condor* 105: 145–150.
- Mitchell, P.I., S.E. Newton, N. Ratcliffe & T.E. Dunn 2004. Seabird populations of Britain and Ireland. – T.A.Poyser, London. 511 bls.
- Náttúrufræðistofnun 2000. Válisti 2. Fuglar. – Náttúrufræðistofnun Íslands, Reykjavík, 103 bls.
- Náttúrufræðistofnun 2018. Válisti fugla. – Náttúrufræðistofnun Íslands. <https://www.ni.is/midlun/utgafa/valistar/fuglar/valisti-fugla> (skoðað í ágúst 2018)
- Ólafur K. Pálsson, Ástþór Gíslason, Hafsteinn G. Guðfinnsson, Björn Gunnarsson, Sólveig R. Ólafsdóttir, Hildur Pétursdóttir, Sveinn Sveinbjörnsson, Konráð Þórisson & Héðinn Valdimarsson 2012. Ecosystem structure of the Iceland Sea and recent changes to the capelin (*Mallotus villosus*) population. – *ICES Journal of Marine Science* 69: 1242–1254.
- Piatt, J.F., A.M.A. Harding, M. Shultz, S.G. Speckman, T.I. van Pelt, G.S. Drew & A.B. Kettle 2007. Seabirds as indicators of marine food supplies: Cairns revisited. – *Marine Ecology Progress Series* 352: 221–234.
- Valur Bogason, & Kristján Lillíendahl 2009. An initiation of sandeel monitoring in Iceland. Environmental conditions in Icelandic waters 2008. – *Hafrannsóknir* 145: 36–40.
- Yann Kolbeinnsson & Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2012. Fuglavöktun í Þingeyjarsýslum 2011. – Skýrsla til umhverfisráðuneytis. – Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1203.
- Yann Kolbeinnsson & Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2017. Vöktun bjargfuglastofna 2017 - Framvinduskýrsla. – Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1708.
- Yann Kolbeinnsson, Árni Einarsson, Arnþór Garðarsson, Aðalsteinn Örn Snæþórsson & Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2018. Ástand fuglastofna í Þingeyjarsýslum árið 2017. – Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1802.
- Þorsteinn Einarsson 1979. Fjöldi langvíu og stuttnefju í fuglabjörgum við Ísland. – *Náttúrufr.* 49: 221–228.

SUMMARY

The numbers of large auks on the cliffs of Iceland in 2006-2008

Numbers of Common Murres *Uria aalge*, Thick-billed Murres *U. lomvia* and Razorbills *Alca torda* in Icelandic breeding colonies were estimated mainly in the period 2006-2008 (with a few additional data from 2005 and 2009) and compared with a survey from 1983-1986. All three species had decreased. Totals (pairs – per cent of total in 1983-6) were as follows: Common Murre (698,000 – 70%), Thick-billed Murre (327,000 – 56%), Razorbill (313,000 – 83%). The decrease of the Common Murre was most marked in the southwest (Vestmannaeyjar and Krýsuvík) and also considerable on the northwestern cliffs and the northeastern cliffs (Langanes). Little change was noted on the northern isles of Drangey and Grímsey and increases occurred on the east coast (Skrúður, Papey and three small sites). The Thick-billed Murre decreased especially much in the southwest and the northeast (Langanes). The widespread decline in its numbers is seen as part of a general downward trend and is presumably caused by climate. The Razorbill declined at Látrabjarg and precipitously on the northwest cliffs of Hornstrandir, but increased in Grímsey. Local changes in numbers of all three species were mostly in phase and possibly related to local changes of food resources. In light of these results all three auk species have been red-listed in a recent revision of the Icelandic Red List of Birds (Náttúrufræðistofnun 2018); Thick-billed Murres are now listed as endangered (EN), Common Murres as vulnerable (VU) and Razorbills as near threatened (NT).

Arnþór Garðarsson, Líf- og umhverfisvísindastofnun háskólans / Institute of Life- and Environmental Sciences, Biology, University of Iceland, IS-101 Reykjavík (arnthor@hi.is).
Guðmundur A. Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History, Urriðaholtstræti 6-8, pósthólf / P.O. Box 125, IS-210 Garðabær (mummi@ni.is).
Kristján Lillíendahl, Rorum ehf, Brynjólfsgötu 5, 107 Reykjavík (kl@rorum.is).

Tilvitnun:

Arnþór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson & Kristján Lillíendahl 2019. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum 2006-2008. – *Bliki* 33: 35–46.

Viðauki 1. Svartfuglar taldir á flugmyndum 2006-2008. – *Auks counted on aerial photographs in 2006-2008.*

Nr. – No.	Staður – Locality	Dags. – Date	Svartfugl alls – Auks total
1.001	Ingólfshöfði	24.06.2007	9723
2.000	Mýrdalur	24.06.2007	4585
2.102	Reynisfjall	24.06.2007	0
2.103	Reynisdrangar	24.06.2007	468
2.104	Skessudrangur	24.06.2007	30
2.205	Dyrhólaey	24.06.2007	120
2.206	Háidrangur	24.06.2007	1590
2.207	Lundadrangur	24.06.2007	660
2.208	Máfadrangur	24.06.2007	1715
2.209	Kambur	24.06.2007	2
3.000	Vestmannaeyjar		47165
3.010	Ellidæy	21.06.2006	8058
3.011	Bjarnarey	21.06.2006	12571
3.012	Sæfjall-Litlhöfði	21.06.2006	5
3.013	Stórhöfði	14.06.2008	2331
3.014	Ofanleitishamar	21.06.2006	–
3.015	Dalfjall-Klif	14.06.2008	457
3.016,1	Latur	21.06.2006	8
3.017	Heimaklettur-Ystiklettur	14.06.2008	858
3.018	Grasleysa	14.06.2008	283
3.019	Hrauney	14.06.2008	1545
3.020	Hani	14.06.2008	591
3.021	Hæna	14.06.2008	207
3.022	Jötunn	14.06.2008	102
3.023	Suðurey	21.06.2006	6521
3.024	Álsey	14.06.2008	3776
3.025	Brandur	21.06.2006	339
3.026	Hafnadrangur	21.06.2006	65
3.026,1	Gyrðisdrangur	21.06.2006	247
3.027	Máfadrangur	21.06.2006	663
3.028	Hellisey	21.06.2006	4059
3.029	Stóri Geldungur	21.06.2006	1320
3.030	Litli Geldungur	21.06.2006	194
3.030,1	Þúfuklettur	21.06.2006	10
3.031	Súlnasker	21.06.2006	1680
3.032	Geirfuglasker	21.06.2006	1275
4.041	Eldey	21.06.2006	1458
4.042	Hafnaberg	08.07.2006	749
8.103	Látrabjarg	22.06.2006	545741 (1)*
8.103	Látrabjarg	19.06.2009	382824 (2)
8.104	Bjarnarnúpur	21.06.2007	4826
10.108	Ritur	19.-20.06.2007	20616 (3)
10.109-10	Hælavíkur- og Hornbjarg		689682 (4)
10.109	Hælavíkurbjarg	19.-20.06.2007	430914 (5)
10.110	Hornbjarg	19.-20.06.2007	258768 (6)
12.117	Drangey	20.06.2007	26978
12.118	Kerling	20.06.2007	1397
14.126	Grimsey	20.06.2007	136544 (7)
15.136	Rauðinúpur alls	13.06.2008	3160
15.136,1	Rauðinúpur	13.06.2008	1045
15.136,2	Rauðinúpur: Sölvanöf	13.06.2008	1460
15.136,3	Rauðinúpur: Karlinn	13.06.2008	655
16.144-5	Langanes norðanvert	06.2006-08	2876
16.146	Langanes Fontur	18.06.2006	25525
17.165	Hafnarbjarg	14.06.2008	215
17.174	Norðfjarðarnípa	14.06.2008	30
17.177	Hestur við Barðsnes	14.06.2008	1100
17.178	Gerpír	14.06.2008	590
17.181	Skrúður	14.06.2008	18820
17.184-89	Papey	14.06.2008	5660
17.184	Árhöfn, Papey	14.06.2008	2355
17.186	Hvanney	14.06.2008	278
17.187	Arnarey	14.06.2008	667
17.188	Flatey	14.06.2008	314
17.189	Höfði	14.06.2008	1674
17.190	Papey suðausturhluti	14.06.2008	372

* 4 snið frá 21.06.2007 eru tekin með. (1) Staðalskekkja (SE) = 87.362, n=25 (50m breið snið); (2) SE = 39.880, n = 29 (30m); (3) SE = 7680, n=9 (50m); (4) SE = 227.907, n=19 (50m); (5) SE = 218.407, n=7 (50m); (6) SE = 87.347, n=12 (50m); (7) SE = 33.042, n=15 (50m).

Viðauki 2. Hlutföll svartfuglategunda í bjargi, á sjó undir bjargi og á flugi að bjarginu. Hlutföllin eru notuð til að reikna fjölda hverrar tegundar út frá heildartölu svartfugla sem talin er af myndum úr lofti. Fjöldi stuttnefju er oftast fenginn út frá hlutfallinu stuttnefja/langvía í bjargi. Fjöldi álku er metinn út frá álku/langvíu á sjónum undir bjarginu. Hlutföll á innflugi eru notuð til að áætla fjölda allra tegunda í Látrabjargi og Hælavíkur-Hornbjargi. – *Counts of large auk species on cliff, on sea below cliff and flying in towards cliff. The proportions are used to calculate the numbers of each species from the total auks counted from aerial photographs. The number of thick-billed murres is generally estimated from the ratio thick-billed/common murre on the cliff. The number of razorbills is estimated from the ratio razorbill/common murre on the sea. Proportions of auks flying in to the cliff are used to estimate the numbers of all species in the very large cliffs Látrabjarg and Hælavíkurbjarg + Hornbjarg.*

Nr. No.	Staður Locality	Dags. Date	Langvía Uria aalge	Stuttnefja Uria lomvia	Álka Alca torda
Í bjargi – On the cliff					
1.001	Ingólfshöfði	04.07.2007	1775	30	248
4.041	Eldey	10.07.2006	540	17	2
4.042	Hafnaberg	13.06.2005	500	6	63
4.042	Hafnaberg	10.07.2006	444	9	103
4.042	Hafnaberg	10.07.2007	182	5	63
8.103	Látrabjarg	28.-29.06.2006	10429	1740	1347
10.108	Ritur	25.-27.06.2007	1990	419	27
12.117	Drangey	16.06.2007	2632	4696	36
14.126	Grímsey	15.06.2007	9097	548	3276
15.136	Rauðinúpur	15.06.2007	1380	57	59
16.146	Langanes Fontur	26.06.2008	2529	131	218
17.181	Skrúður	7.-8.07.2008	3077	425	28
17.184	Papey, Árhöfn	9.-10.07.2008	909	0	64
Á sjó undir bjargi – On sea below cliff					
1.001	Ingólfshöfði	04. 07.2007	185	1	186
2.100	Reynisfjall	03.07.2007	26	0	5
2.200	Dyrhólaey	03.07.2007	209	0	25
3.000	Vestmannaeyjar	22.-23.06.2006	1893	0	163
4.036	Krýsuvíkurbjarg	04.-05.07.2005	987	0	459
4.036	Krýsuvíkurbjarg	04.-05.07.2007	1654	0	777
4.041	Eldey	10.07.2006	0	0	0
4.042	Hafnaberg	13.06.2005	352	3	254
4.042	Hafnaberg	10.07.2006	85	1	91
4.042	Hafnaberg	10.07.2007	175	0	53
8.103	Látrabjarg	28.-29.06.2006	4106	28	836
10.108	Ritur	25.-27.06.2007	482	11	35
10.109	Hælavíkurbjarg	25.-27.06.2007	5320	55	277
10.110	Hornbjarg	25.-27.06.2007	6477	57	247
12.117	Drangey	16.06.2007	604	199	180
14.126	Grímsey	15.06.2007	1673	69	2854
15.136	Rauðinúpur	26.06.2008	365	71	180
16.143	Skoruvík	27.-28.06.2005	815	107	152
16.143	Skoruvík	04.07.2006	680	94	98
16.143	Skoruvík	06.07.2007	198	8	58
16.143	Skoruvík	03.07.2008	361	52	79
16.146	Langanes Fontur	05.07.2006	1134	50	261
17.181	Skrúður	7.-8.07.2008	853	48	10
17.184	Papey, Árhöfn	9.-10.07.2008	142	0	14
Flug að bjargi – Flight toward cliff					
8.103	Látrabjarg	28.-29.06.2006	5661	3418	4905
8.103	Látrabjarg	08.-12.06.2007	6245	2802	3578
8.103	Látrabjarg	alls 2006-7	11906	6220	8483
8.103	Látrabjarg	25.-26.06.2009	4083	1269	1965
10.109-110	Hælavíkur- Hornbjarg	26.-27.06.2007	1866	1278	39

Sjaldgæfir fuglar á Íslandi 2011

Í þessari skýrslu eru birtar allar tiltækar upplýsingar um 133 tegundir flækingsfugla, sjaldséðra vetrargesta og varpfugla sem sástu hér á landi og innan íslenskrar efnahagslögsögu árið 2011. Sex nýjar tegundir sástu að þessu sinni, sorarella, snípuduðra, svalbrúsi, föllheiðir, glitlóa og bleiksvarri.

Inngangur

Þetta er 33. skýrslan um sjaldséð fugla hér á landi, en þær hafa verið gefnar út síðan 1979. Flækingsfuglanefnd hefur yfirfarið allar athuganir sem hér birtast. Nefndin er sjálfstæður fulltrúi fuglaskoðara líkt og í öðrum löndum Evrópu.

Í þessari skýrslu er getið 130 tegunda sjaldséðra fugla sem sástu á Íslandi og innan efnahagslögsögu landsins árið 2011. Auk þess eru upplýsingar um austræna blesgæs, tvær undirtegundir margæsar (austræna og vestræna margæs) og hvítfálka. Samtals sást því 133 tegundir sjaldgæfra fugla hér á landi árið 2011, en svo margar hafa þær aldrei verið áður. Einnig er getið svartsvans (E-flokkur).

Lýsingar og gögn

Frá og með 1. janúar 2012 þarf ekki að lýsa eftirfarandi tegundum: kanadagæs, ljóshöfðaönd, rákönd, taumönd, skutulönd, æðarkóngur, gráskrofa, gráhegri, blesæna, vepja, fjöruspói, lappajaðrakan, vaðlatíta, dvergsnípa, skógarsnípa, ískjói, fjallkjói, dvergmáfur, hringdúfa, snæugla, múrsvölungur, landsvala, bæjasvala, silkitoppa, glóbrýstingur, söngbröstur, hauksöngvari, netlusöngvari, garðsöngvari, hettusöngvari, hnóðrasöngvari, gransöngvari, laufsöngvari, grágrípur, gráspör á Hofi í Öræfum, bókfinka, fjallafinka, barrfinka, krossnefur, rósafinka og sportittlingur. Flækingsfuglanefndin getur þó tekið athuganir framangreindra tegunda til sérstakrar skoðunar og eftir atvikum fært þær í dóma. Öðrum flækingsfuglum þarf ávallt að lýsa eitthvað og þeim mun meira því sjaldgæfari sem tegundin er eða torgreindari frá skyldum tegundum.

Árið 2011 voru ekki dæmdar athuganir á þeim tegundum sem getið er hér að framan. Dómnefndin fór yfir 217 athuganir (tegundagreiningar) og voru 198 þeirra samþykktar (91%). Einnig fór nefndin yfir 18 undirtegundagreiningar (83% samþ.), 49 kyngreiningar (86% samþ.) og 85 aldursgreiningar (84% samþ.).

Nefndin

Að þessu sinni sátu eftirfarandi sjö menn í dómnefndinni: Björn Arnarson, Edward B. Rickson, Gaukur Hjartarson, Gunnar Þ. Hallgrímsson, Ingvar A. Sigurðsson, Sigmundur Ásgeirsson og Yann Kolbeinsson. Aðalsteinn Ö. Snæþórsson og Yann Kolbeinsson voru ritarar.

Yfirlit 2011

Sjaldgæfir varpfuglar. Skeiðendur sástu á allmörgum stöðum og varp var staðfest á tveimur stöðum, á Innnesjum og við Víkingavatn í Kelduhverfi. Fjöruspóar fundust með hreiður í Nesjum en afkoma er ókunn. Tvö fjallkjóapör urpu í Bárðardal eins og árið áður og komu upp a.m.k. einum unga. Dvergmáfur varp á hefðbundnum varpstað í Mývatnssveit en ekki er vitað hvort ungar komust upp. Á Vestfjörðum fannst snæuglupar og hreiður, en varp misfórst. Líklegt er að tvö eyruglupör hafi komið upp fimm ungum í Grímsnesi. Landsvölupör urpu í Fljótum og á Rauðarhöfn og komu upp samtals fjórtán ungum. Fleygir landsvölungar sástu einnig á Höfn síðsumars en óvíst er hvar þeir komu úr eggjum. Silkitoppur fundust í fyrsta sinn verpandi héraðs, þrjú pör komu upp ungum á Dalvík, við Mývatn og í Fellabæ. Tvö laufsöngvarapör virðast hafa komið upp ungum, á Hofi í Öræfum og Haukafelli á Mýrum. Gráspörvastofninn er enn við lýði við Hof í Öræfum og nokkrir fuglar sástu þar allt árið. Barrfinkupar varp í Elliðaárdal í Reykjavík. Krossnefur urpu í Grímsnesi og fuglar sástu mun víðar á líklegum varpstöðum. Einnig sástu skógarsnípur á söngflugi í Grímsnesi, Skorradal, Fljótshlíð og Heiðmörk. Um vorið og sumarið sástu syngjandi runntítla og glóbrýstingur á Höfn, hettusöngvari á Tumastöðum, Höfn (tveir), í Öræfum og við Mývatn, gransöngvari á Mýrum (A-Skaft), laufsöngvari í Suðursveit, á Höfn (tveir), í Öræfum, í Nesjum og í Lóni og bókfinka á Höfn. Óvíst er þó að um varpfugla hafi verið að ræða í þessum tilvikum.

Vetrargestir, fargestir og algengir flækingsfuglar. Fjöldi æðarkóna var yfir meðallagi og fjöldi hvinanda meiri en oft áður. Fjöldi ljóshöfða var í meira lagi. Gráskrofur voru óvenju margar annað árið í röð. Fjöldi gráhegra var langt undir meðallagi. Sjö keldusvín sástu sem og sjö blesænur sem er aðeins yfir meðallagi. Lappajaðrakanar voru tíu. Fjöruspóafjöldinn var undir meðallagi. 35 vepjur sástu, þar af 29 í hóp. Dvergsnípur voru óvenju margar og metfjöldi skógarsnípa sást (63 fuglar). Ískjóar voru í meðallagi en mjög fáir fjallkjóar sástu. Þernumáfar voru yfir meðallagi, nýr hringmáfur aðeins einn og dvergmáfar ellefu. Hringdúfur voru yfir meðallagi. Fimm nýjar snæuglur sástu. Landsvölur voru 227, sem er met, en fjöldi bæjasvala var undir meðallagi. Silkitoppur voru fremur margar en að mestu var um að ræða fugla sem höfðu komið haustið áður.

Söngþrestir voru fremur fáir. Fjöldi hettusöngvara var vel yfir meðallagi. Gransöngvarar voru óvenju margir. Fjöldi laufsöngvara var einnig með mesta móti. Fjöldi bókfinka og fjallafinka var aftur á móti undir meðallagi. Barrfinkur voru nú mjög fáar. 36 sportittlingar sástu, sem er vel yfir meðallagi.

Undirtegundir. Metfjöldi austrænna blesgæsa sást. Nokkrar austrænar og vestrænar margæsir sástu í margæsaþópum á Álftanesi og víðar suðvestanlands. Aðeins einn hvítfálki fannst, annað árið í röð.

Nýjar tegundir. Hvorki meira né minna en sex nýjar tegundir fundust hér árið 2011. Það voru **sorarella** *Porzana carolina* við Hala í Suðursveit 25.-27. apríl, **snípuduðra** *Limnodromus griseus* í Selvogi 30. júní og sú sama við Njarðvík 18.-20. júlí, **svalbrúsi** *Gavia adamsii* við Heimaey 17. ágúst til 14. september, **fölheidi** *Circus macrourus* við Höfn 14.-17. september, **glitlóa** *Pluvialis fulva* í Garði 30. september til 2. október og að lokum **bleiksvarri** *Lanius isabellinus* við Hof í Örafum 13. nóvember.

Aðrir sjaldgæfir flækingsfuglar. Þó nokkrar sárásjaldgæfar tegundir sástu hér árið 2011. Býsvelgur sást í annað sinn, stúfgoði og grímuskríkja sástu í þriðja sinn, hjálmönd, gráheidi, svölustelkur, holudúfa og alpasvölungur sástu í fjórða sinn, sefþvari, freyshani og sílaberna í fimmta sinn, kúhegri í sjötta og sjöunda sinn (2 fuglar), fitjatíta í sjöunda sinn, þistilfinka í sjöunda til níunda sinn (3 fuglar saman), efjutíta, elrisöngvari, grásvarri og fléttuskríkja í áttunda sinn, kúfönd í áttunda og níunda sinn (2 fuglar), kanaduðra í áttunda til tíunda sinn (3 fuglar, þ.a. 2 saman) og kolönd í tíunda sinn. Af öðrum sjaldgæfum flækkingum má nefna lindastelk, grænfinku, tvo bláheiða, fjóra sparrhauka, tígulþernu,

síkjasöngvara, blikönd, vestræna margæs, þarþernu, þrjár bláendur og tvo gunnfálka.

Skýringar við tegundaskrá

Þrjár tölur í sviga fyrir aftan tegundarnafn merkja: (1) Fjöldi fugla sem sást fyrir 1979. Ef fjöldinn er ekki þekktur er sett bandstrik (-). (2) Fjöldi fugla á árunum 1979 til 2010. (3) Fjöldi fugla sem sást 2011. – Þessar tölur eru **lágmarksfjöldi** einstaklinga að mati skýrsluhöfunda. Í sumum tilvikum getur reynst erfitt að ákvarða fjölda fugla, en lagt er nokkurt mat á það með skýringum, s.s. „e.t.v. sami fugl“ (þá talið sem tveir fuglar), „sennilega sami fugl“ eða „sami fugl“ (þá talið sem einn fugl). Við hverja tegund er getið útbreiðslusvæðis hennar og nokkur orð eru um tíðni hennar hér á landi og viðburði ársins. Röð tegunda og latnesk heiti í þessari skýrslu fylgja AERC TAC (2014).

Sýslur eru í stafrófsröð, en athuganir innan þeirra eru yfirleitt í tímaröð. Til einföldunar er kaupstöðum skipað undir sýslur, Kjósarsýslu undir Gullbringusýslu og Hnappadalssýslu undir Snæfellsnessýslu. Mánuðir eru í tölustöfum.

Fyrir hverja athugun er getið um stað (sýsla er feitleitruð, staður er skáleitruður), fjölda fugla (ef fleiri en einn), kyn (♂ = karlfugl, ♀ = kvenfugl), aldur (ef hann er þekktur) og dagsetningu eða tímabil er fuglinn sást. Að lokum eru finnendur innan sviga eða þeir sem tilkynnt hafa fyrst um viðkomandi fugl eða fugla. Notaðir eru upphafsstafir þeirra sem koma fyrir oftast en fimm sinnum. Tákn $\square$ merkir að fuglinn hafi verið ljósmyndaður (eða kvikmyndaður) og a.m.k. einn nefndarmaður hafi séð myndina. Tákn ☆ merkir að fugli hafi verið safnað, „fd“ merkir að fugl hafi fundist dauður, „fnd“ að hann hafi fundist nýdauður og „fld“ fundist löngu dauður.

Tegundaskrá 2011

Blesgæs *Anser albifrons albifrons* (0,18,26) Þessi undirtegund verpur í norðanverðu Rússlandi. – Övenjuleg ganga austrænna blesgæsa átti sér stað í nóvember. Áður höfðu mest sést fjórar austrænar blesgæsir á einu ári (2007) en nú voru allt að 23 saman á Egilsstöðum. Ekki er ólíklegt að fleiri fuglar hafi komið inn á austanvert landið. **N-Múl:** *Dvergasteinn* í *Seyðisfirði*, þrjár 14.-21.11., tvær 22.11. $\square$ (Andrés Filippusson, Gunnlaugur Hafsteinsson, Sigurður Filippusson, Soffía Ívarsdóttir ofl), 1. mynd. – *Seyðisfjörður*, 17.12. $\square$ (Rúnar Eiríksson, Sólveig Sigurðardóttir). **S-Múl:** *Egilsstaðir*, 17-23 fuglar 28.11. til 15.1.2012 $\square$ (HWS ofl).

Snjógæs *Anser caerulescens* (20,156,2) N-Kanada, NV-Grænland og NA-Síbería. – Mikil aukning varð á snjógæsaathugunum upp úr 1980 og sást að jafnaði níu fuglar á ári á 9. áratugnum. Síðustu tvo áratugi hefur fjöldinn farið niður í tæpa þrjá fugla á ári svo fjöldinn í ár er í samræmi við það. Snjógæsir sjást bæði vor og haust.

Árn: *Práandarholt* í *Gnúpverjahreppi*, „blágæs“ 23.11. ☆ $\square$ (Axel Gissurarson). **Gull:** *Garður*, fullu 15.9.-18.11. $\square$ (skv ÓR ofl).

Kanadagæs *Branta canadensis* (25,201,22) Norðurhluti N-Ameríku og Grænland. Verpur víða villt og hálfvillt í Evrópu. – Uppsveifla kanadagæsarinnar heldur áfram. Þrettán fugla hópurinn í Selvogi er annar stærsti hópurinn sem fundist hefur hér, en metárið 2007 sást fjórtán saman á Bolungarvík. Í ljósi þess að kanadagæs var nýlega skipt í tvær tegundir, kanada- (*B. canadensis*) og alaskagæs (*B. hutchinsii*) minnum við athugendur á að gera eins góðar lýsingar og hægt er og reyna að greina kanadagæsir til undirtegundar. Í því sambandi skiptir stærð mestu máli og einnig með hvaða gæsum þær eru.

Árn: *Ferjunes* í *Flóa*, 22.4. $\square$ (IAS ofl). – *Hlíðarvatn* í *Selvogi*, þrettán 30.6. $\square$ (Harald Haag, Mark Schwenke, Wolf Meinken).

Gull: *Járngeðarstaðir* í *Grindavík*, fjórar 15.5. $\square$ (SÁ). – *Daltjörn* á *Seltjarnarnesi* og nágr, 17.-21.5. $\square$ (KHS, SÁ ofl). – *Bakkatjörn* á *Seltjarnarnesi*, 20.-21.5. $\square$ (SÁ ofl), ekki sami fugl og við *Daltjörn*. – *Breiðabólstaður* á

Álftanesi, 31.5. $\square$ (ÓR).

Snæf: *Lýsuvatn* í *Staðarsveit*, 17.5. (SNVA). – *Hellnar*, 28.5. $\square$ (SÁ).

Margæs *Branta bernicla bernicla* (0,52,5) Túndrur Síberíu. Þessi undirtegund margæsar hefur vetursetu í Danmörku, Hollandi, SA-Englandi og Frakklandi. – Flestar austrænar margæsir sjást í margæsaþópum suðvestanlands. Margæsir eru mjög sjaldgæfar annars staðar á landinu, en þær fáu sem sjást reynast oft austrænar. Fuglaskoðarar ættu því að skoða allar stakar margæsir m.t.t. undirtegundar. Að þessu sinni er gert ráð fyrir að fullorðnu fuglarnir á Innnesjum séu sömu og árin á undan sem og annar Akranesfuglanna.

Borg: *Blautós* á *Akranesi*, 2.-19.5. (SNVA). – *Ós* á *Akranesi*, 19.5. (SNVA).

Gull: *Álftanes*, sáust á tímabilinu 19.4.-30.5., samtals fjórar fullu og tvær árgamlar $\square$ (GAG ofl). – *Hvaleyri* í *Hafnarfirði*, fullu 23.4. (GAG), líklega ein Álftanesfuglanna. – *Arfadalsvík* í *Grindavík*, tvær 5.5. $\square$ (GP, SÁ). – *Daltjörn* á *Seltjarnarnesi*, árgömul 10.5. $\square$ (SÁ). – *Bakkatjörn* á *Seltjarnarnesi*, 15.-18.8. $\square$ (SÁ).

Margæs *Branta bernicla nigricans* (0,15,1) Túndrur A-Síberíu, Alaska og NV-Kanada. – Vestrænar margæsir hafa verið árvissar síðan 2002 en oft er um sömu fugla að ræða milli ára á sömu stöðum. Ekki hefur áður fundist vestræn margæs vestur á Mýrum.

Gull: Áltanes, fullu 13.-19.5. □ (SÁ ofl).

Mýr: Áltárós á Mýrum, fullu 29.9. (GAG ofl), þöruð kviðljósri margæs (*hrota*) og með fjóra ungf sem mögulega hafa verið blendingar.

Mandarínönd *Aix galericulata* (0,23,1) Austast í Asíu, Japan og innfluttur stofn á Bretlandseyjum (nokkur þúsund fuglar). – Fuglar sem sjást hér eru að öllum líkindum frá Bretlandseyjum. Sést nú 3. árið í röð.

Snæf: Rif, fullu 9.-28.5. □ (JEJ, RAS ofl).

Ljóshöfðaönd *Anas americana* (28,159,8) Norðurhluti N-Ameríku. Árviss hér á landi og víðar í Evrópu. – Nokkrir fuglar hafa haldið til á Innnesjum undanfarin ár. Áðrir eru taldir nýir þó ekki sé útilokað að þeir hafi sést áður eða séu fuglar sem hafa vetursetu á suðvesturhorninu. Þar sást í Garði um vorið en þetta er einungis í annað sinn sem kolla sést hér með vissu. Eflaust koma fleiri hingað til lands en þær eru nauðalíkar rauðhöfðakollum og þarf því að skoða þær ítarlega til að staðfesta greiningu.

Arn: Stokkseyri, 12.3. (HIÓ), 4.11. (Carl Mitchell), talinn vera sami fugl og veturinn á undan. – Hlíðarvatn í Selvogi, 18.10. (SÁ).

Gull: Seltjarnarnes, 1.12.2010 til 27.2. (SÁ ofl), 10.-15.12. (BS, SÁ ofl), sást við Tjarnarstíg báða vetur. – Járngerðarstaðir í Grindavík, 15.1. (DB, JÓH), 27.5. □ (ÓR), 21.10.-15.12. □ (ÓR ofl). – Njarðvíkurfitjar í Reykjanesbæ, tveir 3. frá 2010 til 22.1., 17.2.-22.4., 3. að auki 3.4. □ (Uku Paal ofl), 2.9.-1.12. (ÓR, SÁ ofl), 3. að auki 12.9.-1.12. □ (SÁ ofl), þriðji 3. að auki 11.-22.11. □ (ÓR ofl). – Bakkatjörn á Seltjarnarnesi og nágr, 11.2.-20.4. □ (AMG, Guðrífur E. Geirsdóttir ofl), 3. að auki 3.-5.4. □ (BP ofl), annar fuglanna sami og við Tjarnarstíg. – Síki í Garði, 14.3. (Bart Vastenhouw), par 16.-27.4. □ (SÁ ofl). – Sandgerði, 25.3. (ÓR). – Fuglavík á Miðnesi, 4.11. □ (ÓR). – Arnarnesvogur í Garðabæ, 30.11.-1.12. (SÁ, YK).

Rvík: Helluvatn, 17.3. (Bart Vastenhouw). – Grafarvogur, 11.9. (ÓR). – Elliðavatn, 17.11. (HaB).

A-Skaft: Bjarnanes í Nesjum, 9.-18.5. (BB).

Snæf: Hofgarðar í Staðarsveit, 26.6. (YK ofl).

N-Þing: Lón í Kelduhverfi, 24.6. (GH).

S-Þing: Mývatn, 1. í Teigasundi 30.5. (ÁE), 3. á Álum 31.5.-7.6. □ (Henk-Jan van der Kolk ofl), 3. á Helgavogi 30.6. (YK ofl).

Kynblendingur ljóshöfða- og rauðhöfðaandar *Anas americana* × *penelope* (-,5,2)

Tveir kynblendingar bætast í sarpinn, sá síðasti sást 2006.

Eyf: Hrafnstaðir í Svarfaðardal, 31.5. (YK).

A-Skaft: Bjarnanes í Nesjum, 12.5. (IAS, SÁ, YK).



1. mynd. Austrænar blesgæsir *Anser albifrons albifrons*, fullorðnar, Seyðisfjörður, 22. nóvember 2011. – Gunnlaugur Hafsteinsson.

Rákönd *Anas carolinensis* (5,136,5) Norðurhluti N-Ameríku. Rákönd er árviss í Evrópu og einnig hér á landi. Rákandarkollur eru afar torgreindar frá urtandarkollum. – Talið er að fuglarnir á Seltjarnarnesi og í Nesjum séu fuglar frá fyrri árum. Fuglinn á Þveit fær þó að njóta vafans og er hér talinn nýr.

Gull: Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, 23.-27.2. □ (SÁ ofl), líklega sami og haustið 2010. – Arfadalsvík í Grindavík, tveir 25.5. □, 27.5. □ (Eyjólfur Vilbergsson ofl).

A-Skaft: Bjarnanes í Nesjum, 12.4.-9.5. (BB ofl), líklega sami og vorið 2010. – Höfn, 25.5. □ (BA, BB), líklega sami fugl og í Bjarnanesi. – Þveit í Nesjum, 28.10. (BB).

N-Þing: Víkingavatn í Kelduhverfi, 31.10.-5.11. (AÖS, SnA).

S-Þing: Kaldbakur við Húsavík, 23.-30.6. (GH ofl).

Brúnönd *Anas rubripes* (3,36,0) Norðausturhluti N-Ameríku. – Enginn nýr fugl fannst að þessu sinni, en það hefur ekki gerst síðan 2002.

N-Þing: Neslón á Melrakkaslétu, 20.1.-10.2. □ (GH ofl), sást á sama stað 2009 og 2010.

Taumönd *Anas querquedula* (10,87,9) Evrópa og Asía. – Övenjumargar fundust að þessu sinni og aldrei hefur fundist taumönd eins snemma að vori og nú (16. apríl). Einnig fannst ein í ágúst í fyrsta sinn og einu sinni áður hafði fugl fundist að hausti.

Eyf: Þórustaðir í Kaupangssveit, 16.-18.4. (Haukur Jóhannsson ofl).

Gull: Síki í Garði, 5.-12.8. □ (YK ofl). – Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, 2.10. □ (SR).

S-Múl: Djúpvogur, 29.4. (GP, IAS, SÁ).

A-Skaft: Bjarnanes í Nesjum, 3.5. (BA). – Krútjörn í Nesjum, par 3.-9.5. □, 25.5. (BB ofl).

S-Þing: Kaldbakur við Húsavík, 9.-19.5. □ (GH ofl). – Hólkot í Reykjadal, 25.5. (YK, PLP).

Bláönd *Anas discors* (6,11,3)

N-Ameríka. Í Evrópu er hún sjaldséð en þó árviss. – Fremur sjaldgæfur flækingur sem sést 3. árið í röð. Tvisvar áður hafa sést jafnmargar eða fleiri, 1978 (4) og 2009 (3).

Gull: Sandgerði, ungur 20.9.-3.10. □ (BA, IAS, SÁ ofl).

N-Múl: Straumur í Hróarstungu, 27.5. □ (HWS).

Vestm: Ofanleiti á Heimaey, ungur 22.9.

□ (IAS ofl).

Skeiðönd *Anas clypeata* Evrópa, N-Asía og norðanverð Ameríka. Sjaldgæfur varpfugl hér á landi. – Fuglar sáust á hefðbundnum stöðum og var varp staðfest á Innnesjum og í Kelduhverfi.

Arn: Varmá í Ölfusi, 9.5. (JÓH).

Gull: Hafnarfjörður, 18.-19.3. □ (SÁ).

– Skógtjörn á Áltanesi, 25.3. □ (IAS).

– Garður, tveir 20.4., tveir 23.5. (SÁ ofl).

– Fitjar á Miðnesi, tveir 23.4. (GP, IAS, SÁ).

– Kasthúsatjörn á Áltanesi, 25.4. (SÁ).

– Bakkatjörn á Seltjarnarnesi, par 1.-10.5., fjórir 3. og tveir 25.5. □, tveir 3. og 9.6., fjórir 3. og 24.6., átta 27.6., fjórir 3. og þrír 3.7., þrír ungf 30.8., tveir ungf 2.9., 5.9. (ýmsir).

– Breiðabólstaður á Áltanesi, 1.6. (GAG).

S-Múl: Djúpvogur, 26.4., tveir 11.6. (YK).

Rang: Affall í A-Landeyjum, par 26.5. (HÓ).

– Álur í A-Landeyjum, par 27.5. (IAS).

Skag: Áshildarholtsvatn í Borgarsveit, 27.5. (YK, PLP).

– Holtstjörn í Langholti, 27.5. (YK, PLP).

– Kjartansstaðir í Langholti, par 27.5. (YK, PLP).

A-Skaft: Hali í Suðursveit, par 30.4. (BA).

– Krútjörn í Nesjum, 1.5., 25.5. (BB ofl).

– Höfn, 9.-14.5. (BB).

– Þveit í Nesjum, tvær 17.9. (GH, YK).



2. mynd. Kúfönd *Aythya affinis*, fullorðinn steggur (fjær) með duggandarstegg, Ljósifoss í Grímsnesi, 28. maí 2011. – Ómar Runólfsson.

V-Skaft: Syðri-Steinsmýri í Meðallandi, tveir ♂ 21.5. (YK, ÞLP).

Snæf: Hofgarðar í Staðarsveit, tvö pör 9.5., tveir ♂ 1.6., ♀ 3.8. (JE), RAS ofl), þrír ♀ 3.8. (SNVA). – Kirkjuhóll í Staðarsveit, par 9.5. (JE), RAS). – Ytri-Tunga í Staðarsveit, par 1.6. □ (Arnór Prastarson, JE), RAS).

N-Ping: Víkingavatn í Kelduhverfi, mest tveir ♂ og þrjár ♀ á tímabilinu 19.4.-5.11., eitt hreiður fannst en ungar sáust aldrei (AÖS, SnA).

S-Ping: Mývatn, ♂ 25.4., tveir ♂ 11.5., þrír ♂ og ♀ 17.5., tveir ♂ og ♀ 30.5., tveir ♂ og tveir ♀ 2.6. á Helgavogi (YK ofl). – Laugar í Reykjadal, par 3.5., ♂ 8.5.-16.6. (GH ofl). – Kaldbakur við Húsavík, par 5.-27.5. (GH, MHö ofl). – Kálfstjörn við Mývatn, ♂ 5.5. (YK). – Reykjahlíð í Mývatnssveit, ♂ 5.5. (YK). – Helgastaðir í Reykjadal, ♂ 12.5., tveir ♂ 25.5., ♂ 2.6. (GH ofl). – Sandur í Aðaldal, par um 15.-25.5. (Sigurður Ólafsson ofl). – Eyvindarlækur í Aðaldal, ♂ 25.5. (YK). – Stórulaugar í Reykjadal, ♀ 25.5. (YK, ÞLP).

Skutulönd *Aythya ferina* (64,185,7) Miðbik Evrópu og Asíu. – Árlegur vor- og sumargestur sem finnst einnig stöku sinnum seint á haustin og á veturna. Varp var síðast staðfest 1989.

Gull: Urriðakotsvatn í Garðabæ, ♀ 5.-6.5. □ (GP ofl).

Rvík: Elliðavatn, ♀ 12.5. (EBR).

A-Skaft: Þveit í Nesjum, ♂ 29.4.-25.5. □ (BB, GP, IAS, SÁ ofl).

Skag: Garðsvatn í Hegrnesi, ♂ 27.5. □ (YK, ÞLP). – Höfðavatn, ♂ 24.7. (YK).

Snæf: Lárvaðall í Eyrarsveit, ♂ 9.5. (JE), RAS).

N-Ping: Víkingavatn í Kelduhverfi, ♂ 25.-30.5. □ (AÖS, SnA).

S-Ping: Mývatn, ♂ á Kritartjörn og nágr 5.5. □ (YK), ♂ á Álfavogi 4.6. (SÁ). – Vestmannsvatn í Reykjadal, ♂ 25.5. (YK, ÞLP).

Hringönd *Aythya collaris* (3,72,2) N-Ameríka. – Hringendur sjást á öllum

tímum árs, en eru þó algengastar á vorin. Aðeins fuglarnir á Hlíðarvatni og Þveit eru taldir vera nýir.

Árn: Úlfjótuvatn í Grímsnesi, tveir ♂ 4.12.2010 til 10.2. □, ♂ 18.2. (ÓR ofl), þrír ♂ 25.2. □, ♂ 26.2. (ÓR ofl), tveir ♂ 17.12. (YK). – Hlíðarvatn í Selvogi, ♂ 22.-23.4. □ (Arndís Ö. Guðmundsdóttir, GP ofl). – Írafoss í Grafningi, ♂ 11.9. (ÓR). – Sog í Grafningi, tveir ♂ 3.12. (BS, SÁ).

Rvík: Hrauntúnstjörn, ♂ 11.3. (GP). – Tjörnin, ♂ 12.3. □ (HaB, JÓH, SÁ). – Úlfarsá, ♂ 2.5.-8.7. □ (CP ofl). – Reynisvatn, ♂ 17.6. □ (CP), líklega sami og á Úlfarsá.

A-Skaft: Þveit í Nesjum, ♂ 11.6. (YK).

N-Ping: Leirhöfn á Melrakkaslétu, ♂ 4.5.-8.6. □ (GH ofl).

S-Ping: Mývatn, ♂ á Neslandavík 21.6. □ (YK), ♂ á Álfavogi 30.6. (YK ofl).

Kynblendingur hringandar og skúfandar *Aythya collaris* × *fuligula* (0,7,0)

Annað árið í röð sést kvenkyns kynblendingur á Úlfarsá, væntanlega sá sami í báðum tilvikum.

Rvík: Úlfarsá, ♀ 25.5. □ (SÁ).

Kúfönd *Aythya affinis* (0,7,2)

N-Ameríka. – Mjög sjaldgæfur flækjngur sem sást fyrst 1998. Annað árið í röð finnast tvær nýjar kúfendur.

Árn: Ljósifoss í Grímsnesi, ♂ 27.-28.5. □ (IAS ofl), 2. mynd.

V-Skaft: Skeiðflötur í Mýrdal, ♂ 9.6. □ (ÓR, SÁ ofl).

Æðarkóngur *Somateria spectabilis*

(174,1041,54)

Nyrstu héruð N-Ameríku og Síberíu, Grænland og Svalbarði. – Að þessu sinni fundust a.m.k. 47 nýir. Auk þess sáust fjórtán fuglar frá fyrra ári.

Árn: Knarrarósviti í Flóa, ♂ 3.1. (HIÓ, JÓH).

– Eyrarbakki, ♀ 16.5.-8.9. □ (JÓH ofl). – Þorlákshöfn, tveir fullu ♂, ♂ á 1. vetri, ♀ á 1. vetri □ 17.12. (YK).

V-Barð: Ósafjörður í Patreksfirði, ♂ 13.3. (Magnús Hansson). – Bíldudalur, ♂ 2.6. □ (Fran Zigmont, JÓH ofl).

Borg: Akranes, þrír ♂ og ♀ 13.3., fimm ♂ og ♀ 15.3. □ (Frank Abrahamson, Jan E. Schmidt), ♂ og tveir ♀ 17.3. □ (SÁ).

Eyf: Siglufjörður, fullu ♂ frá 2010 til 3.2., fullu ♂ 8.-13.6. □, fullu ♂ 1.10.-1.11. (SÆ).

Gull: Hafnarfjörður, ♀ 19.12.2010 til 12.2. □ (ÓR ofl). – Grindavík, tveir ♀ 17.3. □ (Bart Vastenhouw). – Hvaleyrarlón í Hafnarfirði, ♂ á 1. vetri 17.3. □ (SÁ ofl). – Víkur á Reykjanesi, ♀ 16.10. (ÓR, SÁ ofl), ♂ á 2. vetri og ♀ 18.11. □ (ÓR). – Hafnir, ♂ á 2. vetri 13.11. (ÓR).

A-Hún: Blönduós, árgamall ♂ 9.6. (YK).

N-Ísf: Bolungarvík, ♂ 28.2.-8.3. (BP), ♂ 3.-24.12. (Petrína F. Sigurðardóttir). – Hesteyri í Hestfirði, tveir ♂ 12.4., tveir ♂ 17.5., ♂ 21.6. (Björn Baldursson ofl). – Dvergasteinn í Álfafirði, ♂ 31.12. (BP, Petrína F. Sigurðardóttir). – Súðavíkurlíði, ♂ 31.12. (BP, Petrína F. Sigurðardóttir).

V-Ísf: Súgandafjörður, ♂ 9.3. (BP). – Lambdalsoddi í Dýrafirði, 6.4.-15.5. (BP). – Tannanes í Önundarfirði, ♂ 25.5. (BP). – Spillir við Súgandafjörð, ♂ 28.12. (BP, Kristjana Einarsdóttir).

N-Múl: Finnafjörður í Bakkaflóa, fullu ♂, ♂ á 1. vetri og ♀ 12.3. (YK). – Vopnafjörður, þrír fullu ♂ 12.3. (YK).

S-Múl: Hvalnesskriður við Álfafjörð, ♂ 26.4. (YK). – Þvottárskriður í Álfafirði, fullu ♂ 15.8. (BB).

A-Skaft: Höfn, ♀ 15.3. (BB), ♂ á 2. vetri 1.-22.12. □ (BA ofl). – Hvalnes í Lóni, ♂ á 1. vetri 28.3., ♂ á 1. vetri 2.5. □ (BB).

Skag: Höfði á Höfðaströnd, fullu ♂ 30.5. (Þorlákur Sigurbjörnsson). – Haganesvík í Fljótum, tveir fullu ♂ og árgamall ♂ 26.6. □ (Harald Haag, Mark Schwenke, Wolf Meinken).

Snæf: Búlandshöfði, fullu ♂ 22.2. (JE).

Strand: Valdasteinsstaðir í Hrutafirði, fullu ♂ 28.6. (YK ofl).

Vestm: Eiði á Heimaey, ♀ 24.4. □ (IAS).

N-Ping: Rauðinúpur á Melrakkaslétu, árgamall ♂ 2.6. □ (Henk-Jan van der Kolk). – Sigurðarstaðir á Melrakkaslétu, ♂ 1.7. □ (YK ofl). – Hestvík á Melrakkaslétu, árgamall ♂ 4.7. (GH). – Buðlungahöfn í Núpasveit, þrír fullu ♂ og árgamall ♂ 2.8. (YK), tveir ♂ og ♀ 10.9., ♂ 25.9. (YK ofl).

